



samtök sjálfstæðra skóla

Samtök sjálfstæðra skóla 2005 - 2015
Afmælisrit

Ritstjórar:
Lovísa Hallgrímsdóttir
Margrét Theodórsdóttir
Margrét Pála Ólafsdóttir

Hönnun og umbrot:
Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Prentun:
Litróf

SAMTÖK SJÁLFSTÆÐRA SKÓLA 2005–2015

Afmælisrit gefið út í tilefni 10 ára afmælis samtakanna

EFNISYFIRLIT

<i>Ávarp formanns, Sigríður Anna Guðjónsdóttir</i>	3	Sjáland.....	26
Leikskólar:		Skerjagarður	27
Barnaheimilið Ós	6	Skólar ehf.:	
Bjarmi	7	Ársól	28
Félagsstofnun stúdenta:		Háaleiti	29
Leikgarður	8	Hamravellir	30
Mánagarður	9	Kór	31
Sólgarður	10	Krókur	32
Gefnarborg	11	Undraland	33
Gimli	13	Vinagarður	34
Leikskólar Hjallastefnunnar:		Vinaminni.....	35
Hjalli.....	15	Waldorfleikskólinn Sólstafir.....	36
Ásar	15	Waldorfleikskólinn Ylur	37
Hólmasól	15	Grunnskólar:	
Hraunborg	16	Grunnskólar Hjallastefnunnar:	
Litlu-Ásar	16	Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ	40
Akur	16	Barnaskólinn í Hafnarfirði	40
Völlur	17	Barnaskólinn í Reykjavík	40
Laufásborg	17	Tálknafjarðarskóli	40
Askja.....	17	Vífilsskóli í Garðabæ	40
Sóli	18	Landakotsskóli.....	42
Sólborg	18	Reykjavík International School	43
Tálknafjarðarskóli	18	Skóli Ísaks Jónssonar.....	44
Eyrarskjól.....	19	Suðurlhlíðarskóli.....	45
Barnaból	19	Tjarnarskóli	46
Hlíðarból	20	Waldorfskólinn Lækjarbotnum	47
LFA ehf.:		Myndlistaskólinn í Reykjavík.....	48
Fossakot	21	<i>Upphaf SSSK, Margrét Pála Ólafsdóttir</i>	51
Korpukot	21	<i>Horft til upphafsins, Lovísa Hallgrímsdóttir</i>	56
Lundur	23	<i>Hugleiðingar á tvöföldu afmælisári</i>	
Regnboginn	24	– <i>litið til baka, Margrét Theodórsdóttir</i>	58
Sælukot	25		

ÁVARP FORMANNS

Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Þankar um fortíð og framtíð sækja að þegar SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla hafa verið starfrækt í 10 ár. Tilgangur SSSK og leiðarljós í gegnum árin hefur verið að gæta hagsmuna sjálfstæðra skóla, efla samheldni þeirra, skapa vettvang til skoðanaskipta og vera í fyrirsvari fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla gagnvart sveitarfélögum og opinberum aðilum. Sjálfstætt starfandi skólar eru mikilvægir í íslensku menntakerfi til að auka fjölbreytni og valkosti í skólastarfi.



Samtakamáttur okkar hefur skilað okkur langt og við horfum björtum augum til komandi ára. Almenn viðurkenning hagsmunaaðila á tilvist SSSK sem raunverulegs afls í stað örfárra skóla sem ekkert tillit þarf að taka til er staðreynd og mikilvægt að viðhalda og efla áhrifamátt samtakanna. Með þetta í huga hafa samtökin einsett sér að vera meira áberandi í umræðu um allt það er tengist menntun á Íslandi. Þátttaka í faglegri umræðu styrkir stöðu og ímynd samtakanna. Markmiðið er að sjálfstætt starfandi skólar verði raunverulegur valkostur fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra um land allt. Starfsmenn skólanna þurfa einnig að finna mátt sinn og megin með stuðningi samtakanna með fjölbreyttri fræðslustarfsemi, samstarfi og samveru.

• • •

Skatta- og rekstrarumhverfi sjálfstæðra skóla er eitt af þeim málum sem alltaf eru til umræðu á vettvangi stjórnar og hafa samtökin lagt áherslu á að jafna rekstraraðstöðu sjálfstætt rekinna skóla gagnvart sveitarfélögum og hinu opinbera. Eitt af stóru baráttumálunum undanfarin ár var til lykta leitt þegar Samtök íslenskra sveitarfélaga endurskoðuðu og breyttu viðmiðunarreglum um framlög með grunnskólabörnum sem sækja skóla í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi þeirra. Með þessum breytingum voru framlögin hækkuð til jafns við taxta Reykjavíkurborgar og hafa sveitarfélög farið eftir nýju reglunum. Starfsmannakostnaður er stærsti útgjaldaliður skólanna. Framlög til skólanna gera t.d. ekki ráð fyrir sjúkrasjóði eða öðrum tryggingum vegna langvarandi veikinda starfsmanna með sterka samninga. Skólarnir bera sjálfir allan slíkan kostnað. Í verstu tilfellunum geta langvarandi veikindi verið skólunum mjög svo íþyngjandi og haft veruleg áhrif á reksturinn. Þar sitja skólar samtakanna ekki við sama borð og skólar reknir af ríki og sveitarfélögum sem geta leitað í sameiginlega sjóði. Samtökin ætla á næstunni að leita leiða til að bæta stöðu skólanna hvað þetta varðar.

• • •

Eitt af áhersluatriðum samtakanna á komandi misserum er að gera aðgengilegt fyrir nýja aðila að stofna skóla eða taka yfir rekstur skóla sem þegar eru í rekstri hins opinbera eða sveitarfélaga. Það er staðreynd að sjálfstætt starfandi skólum hefur fækkað undanfarin ár og lítil nýliðun átt sér stað í okkar góða hópi undanfarin ár. Ekki er heldur að sjá neina verulega breytingu á landslaginu þar sem lítið er byggt af nýjum íbúðarhverfum þar sem nýir leikskólar hafa oft farið í útboð. Þó gætu leynst tækifæri í nýjum samningum við sveitarfélögin og ríkið þar sem rekstraraðilar gætu tekið við bæjar- eða ríkisreknum skólum sem eru nú þegar í fullum rekstri rétt eins og Hjallastefnan gerði á Tálknafirði og á Skagaströnd. Framhaldsskólar gætu einnig átt heima í samtökunum og komandi misseri munu leiða í ljós hvort fræðslustigin þrjú leiði saman hesta sína innan SSSK.

Framtíðin ber í skauti sér brýn og stór viðfangsefni fyrir SSSK og stjórn samtakanna hyggst takast á við þau af metnaði og festu.

Með góðum kveðjum,
Sigríður Anna

Stofnfundur SSSK 10. mars 2005

Stofnfundur Samtaka sjálfstæðra skóla var haldinn á Radisson SAS Hótel Sögu hinn 10. mars 2005. Sex manna undirbúningsnefnd hafði áður haft samband við alla leik- og grunnskóla landsins og í ljósi jákvæðra undirtekta var ákveðið að stofna samtök þessara skóla. Undirbúningsnefndina skipuðu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Edda Huld Sigurðardóttir, Lovísa Hallgrímsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Sólveig Eiríksdóttir og Sigprúður Ármann. Á stofnfundinum flutti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ávarp.

Í stjórn voru kjörnir:

Margrét Pála Ólafsdóttir	skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar	formaður
Edda Huld Sigurðardóttir	skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar	varaformaður
Grímur Atlason	foreldrafélagi Barnaheimilisins Óss	meðstjórnandi
Lovísa Hallgrímsdóttir	skólastjóri Regnbogans	meðstjórnandi
Margrét Theodórsdóttir	skólastjóri Tjarnarskóla	meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir:

Sólveig Einarsdóttir	skólastjóri Vinaminnis
Karen Valdimarsdóttir	skólastjóri Gimlis
Snorri Traustason	skólastjóri Waldorfgrunnskólans Sólstafa



50 skólar í SSSK

Í Samtökum sjálfstæðra skóla eru nú fimmtíu skólar. Nú starfa 38 leikskólar og 12 grunnskólar í 6 sveitarfélögum. Á tíu árum hefur nemendum og starfsmönnum í sjálfstæðum skólum fjölgað.

Auk leikskóla og grunnskóla hefur Myndlistaskólinn í Reykjavík verið innan samtakanna frá upphafi.

	Nemendur í grunnskólum	Nemendur í leikskólum	Starfsmenn
2005	610	1390	450
2015	1130	3130	1075
Aukning	85%	125%	140%

Leikskólar

BARNAHEIMILIÐ ÓS

Barnaheimilið Ós, foreldrarekinn leikskóli

Stofnaður: 1973

Gildi Ósara: Þar er gott að vera sem gleðin býr

Skólastjóri: Hulda Snæberg Hauksdóttir

Netfang skólans: os1@simnet.is

Aðili að SSSK frá: 2005



Árið 1973 stofnaði hópur foreldra það sem hann kallaði Tilraunaheimilið Ós, sem var tilraun til að reka barnaheimili með öðrum hætti en þá tíðkaðist. Heimilið var til ársins 1977 í Ósi við Dugguvog en flutti þá á Bergstaðastræti 26. Árið 1986 var flutt í núverandi húsnæði, Bergþórugötu 20, sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Í upphafi voru tuttugu og fimm börn á Ósi en í dag eru þau þrjátíu og þrjú, frá átján mánaða til fimm ára.

Húsið er þriggja hæða og telur þrjá kjarna; stúlnakjarna, drengjakjarna og kynjablandaðan elsta kjarna. Húsið er margslungið og hver fermetri vel nýttur, t.d. er „leynihorn“ undir stigum hússins og flest rými hafa fleiri en einn notkunarmöguleika.

Á Ósi er hollt og gott fæði sem matreitt er af mikilli alúð frá grunni í eldhúsi skólans.

Ós er foreldrarekinn leikskóli. Með hugtakinu foreldrarekinn er ekki einungis átt við rekstrarformið, með stjórn, starfsráði, starfsdögum og mánaðarlegum stórfundum foreldra, heldur einnig að fjölskyldur barnanna hafa jafnan tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í mótun starfseminnar þannig að eðlilegt samhengi skapist á milli uppeldis á Ósi og heimilum barnanna.



Ós starfaði til langs tíma samkvæmt kenningum Hjallastefnunnar og enn eru mörg gildi Hjallastefnunnar við lýði í innra starfi og skipulagi Óss. Jafnvægi ríkir milli frjálstra og stýrðra þátta í starfinu og lýðræðis er gætt. Ósara vinna mikið með félagsleg samskipti og fylgjast með þroskaferli barnanna út frá heildrænni sýn. Mikil tenging er við listir og menningu og öll góð tækifæri nýtt til að auka færni barnanna og skilning á tilvist sinni í fjölbjóðlegu samfélagi.

Mikið er lagt upp úr að skapa gott og heilbrigt samfélag innan leikskólans og eru fjölmargar upptökur á Ósi á ári hverju sem miða að betri tengingu milli fjölskyldna barnanna og leikskólans, en þannig er talið að hagsmunum barnanna sé best borgið.

BJARMI

Nafn skóla: Ungbarnaleikskólinn Bjarmi
Rekstraraðili: Bjargir leikskólar ehf.
Stofnár skólans: 2008
Gildi /einkunnarorð skólans: *Umhyggja – Samstarf - Sköpun*
Skólastjóri er: Svava Björg Mörk
Heimasíða: www.leikskolinn.is/bjarmi
Aðili að SSSK frá: 2008



Leikskólinn Bjarmi var opnaður formlega 8. ágúst 2008. Stofnendur skólans eru Helga Björg Axelsdóttir og Svava Björg Mörk. Alls dvelja 24 börn á aldrinum 6 til 24 mánaða í leikskólanum yfir daginn og er boðið upp á breytilegan dvalartíma. Húsnæðið er 160 m², þar af er leikrými 90 m². Lóð leikskólans er stór og býður upp á ýmsa möguleika til hreyfingar og útiveru.

Unnið er eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og á Bjarma er litið á samvinnu og samræður sem mikilvægan þátt í öllu starfi. Unnið er markvisst að því að byggja upp samfélag þar sem virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Einnig er lögð áhersla á hvetjandi námsumhverfi sem vekur upp löngun til náms og þekkingarleitar hjá öllum sem að skólasamfélaginu koma.

Til að mæta þörfum barnanna vinnum við með fljótandi dagskipulag og námskrá. Námskráin mótast af því samfélagi sem er í skólanum hverju sinni þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsmannahópi. Með breyttum hópi koma breyttar áherslur. Því tekur námskráin sífelldum breytingum og verður að vera í stöðugri endurskoðun og mati.



Á Bjarma lítum við á barnið sem sterkan og hæfan einstakling. Við teljum að barn sem fær tækifæri í umhverfinu til að rannsaka, ígrunda og upplifa á eigin forsendum hafi möguleika til að byggja upp sterkan persónuleika. Barn sem fær slíkt tækifæri lærir að mynda sér skoðun og er meðvitað um áhrif sín á eigin framtíð. Til að veita barni slíkt námstækifæri vinnum við með stöðvavinnu þar þar sem boðið er upp á ólíkar stöðvar á nokkrum svæðum. Á hverju svæði er einn kennari sem undirbýr umhverfið með leikefni sem hvetur til rannsóknar og sköpunar.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

LEIKGARÐUR

Nafn skóla: Leikgarður
Rekstraraðili: Félagsstofnun stúdenta
Stofnár skólans: 2006
Skólastjóri er: María Petrína Berg
Heimasíða: www.leikskolinn.is/leikgarður
Aðili að SSSK frá: 2005



Frá árinu 2008 hefur Leikgarður verið að innleiða bandarísku stefnunna HighScope en hornsteinn stefnunnar er virkt nám. Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti, þau spyrja og leita svara við spurningum um það sem þau hafa áhuga á og vekur forvitni þeirra. Þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim. Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær. Í jákvæðu, styðjandi og hvetjandi umhverfi öðlast börnin traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.

Það er mikilvægt að börnin hafi stjórn á lífi sínu þann tíma sem þau dvelja í leikskólanum og því er mikilvægt að gefa tjáningarmáta þeirra góðan gaum og lesa í hegðun þeirra hvað það er sem þau vilja, þarfnast og óska. Aðgengilegur efniviður til að geta valið sjálf, notað og skilað er mikilvægur fyrir sjálfstæði, frumkvæði, sköpun og sjálfsprottinn leik.



FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

MÁNAGARÐUR

Nafn skóla: Mánagarður
Rekstraraðili: Félagsstofnun stúdenta
Stofnár skólans: 1996
Skólastjóri er: Soffía Emelía Bragadóttir
Heimasíða: www.leikskolinn.is/managardur
Aðili að SSSK frá: 2005



Leikskólinn Mánagarður er til húsa á Eggertsgötu 34. Skólinn var stofnaður 9. september 1996 og hefur Félagsstofnun stúdenta rekið hann frá upphafi með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Á Mánagarði dvelja 68 börn samtúmis í átta, átta og hálfs og níu tíma vistun og leikskólinn er opinn frá hálfátta til fimm. Deildirnar eru fjórar; Tröllahellir, Hulduhóll, Álfasteinn og Skessuskot. Leikskólastjóri Mánagarðs er Soffía Emelía Bragadóttir.

Frá árinu 2008 hefur Mánagarður starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope en hornsteinn stefnunnar er virkt nám. Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti, þau spyrja og leita svara við spurningum um það sem þau hafa áhuga á og vekur forvitni þeirra. Þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim. Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær.

Í jákvæðu, styðjandi og hvetjandi umhverfi öðlast börnin traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Það er mikilvægt að börnin hafi stjórn á lífi sínu þann tíma sem þau dvelja í leikskólanum og því er val, leikstund og að rifja upp stór þáttur í dagskipulaginu. Þá fá börnin tækifæri til að velja sér svæði, efnivið og leikfélaga og þau hafa val um hvar, hvernig og með hverjum þau nota efniviðinn sem þau velja. Með valinu fara börnin af stað í leikinn með sínar eigin hugmyndir og markmið. Þau framkvæma, leita lausna, skipta um skoðun og prófa nýjar leiðir. Þau rifja upp hvað þau gerðu og gera sér þannig grein fyrir hverju þau hafa áorkað og hvers þau eru megnug. Mánagarður hefur átt aðild að SSSK frá stofnun samtakanna.



FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA SÓLGARÐUR

Nafn skóla: Sólgarður
Rekstraraðili: Félagssstofnun stúdenta
Stofnár skólans: 1995
Skólastjóri er: Sigríður Stephensen
Heimasíða: www.leikskolinn.is/solgardur
Aðili að SSSK frá: 2005



Frá árinu 2008 hefur Sólgarður verið að innleiða bandarísku stefnuna HighScope en hornsteinn stefnunnar er virkt nám. Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti, þau spyrja og leita svara við spurningum um það sem þau hafa áhuga á og vekur forvitni þeirra. Þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim.

Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær. Í jákvæðu, styðjandi og hvetjandi umhverfi öðlast börnin traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Það er mikilvægt að börnin hafi stjórn á lífi sínu þann tíma sem þau dvelja í leikskólanum og því er mikilvægt að gefa tjáningarmáta þeirra góðan gaum og lesa í hegðun þeirra hvað það er sem þau vilja, þarfnast og óska. Aðgengilegur efniviður til að geta valið sjálf, notað og skilað er mikilvægur fyrir sjálfstæði, frumkvæði, sköpun og sjálfsprottinn leik.



GEFNARBORG

Nafn skóla: Gefnarborg
Rekstraraðili: Hafrún Víglundsdóttir
Stofnár skólans: 1971
Gildi/einkunnarorð skólans: *Virðing, gleði, leikur*
Skólastjóri er: Elsa Pálsdóttir
Heimasíða: www.leikskólinn.is/gefnarborg
Aðili að SSSK frá: 2005



Leikskólinn Gefnarborg var stofnaður af Kvenfélaginu Gefn og tók til starfa 10. júní 1971. Kvenfélagið rak leikskólann til áramóta 1985-1986. Þá keypti Gerðahreppur hann og rak til 1. ágúst 1986. Eftir það var reksturinn boðinn út og hefur verið í einkarekstri síðan. Núverandi rekstraraðili hefur verið með reksturinn frá upphafi. Hinn 15. ágúst 1999 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði.

Í upphafi var einungis boðið upp á fjögurra tíma vist á einni deild sem starfrækt var fyrir og eftir hádegi. Um 20 börn voru í leikskólanum í einu og höfðu þau með sér nesti.


Í gegnum tíðina hefur leikskólinn stækkað og deildunum fjölgað. Í dag er hann fjögurra deilda með um 80 börn, flest hafa börnin verið 92. Vistunartíminn er frá fjórum upp í níu og hálfan tíma á dag og allur matur er framreiddur á staðnum.

Framtíðarsýn Gefnarborgar er að hvert og eitt barn fái að njóta sín sem einstaklingur, fái að njóta bernsku sinnar í leik og starfi í þroskavænlegu umhverfi. Börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og temji sér jákvæð samskipti. Einkunnarorð leikskólans eru: Virðing – gleði – leikur.



Í Gefnarborg er leikurinn kjarni uppeldisstarfsins og er honum gefinn góður tími. Markmið leikskólastarfsins er að efla samskipti, virðingu og leikgleði barnanna. Lögð er áhersla á að börnin læri og þroskist í gegnum leikinn og hið daglega starf, þau geti valið sér sjálf viðfangsefni og fái tækifæri til að leika sér á eigin forsendum. Til að ná fram markmiðunum er stuðst við kenningar Howards Gardner. Sérstök áhersla er á vinnu með lífsgildi og fjölmenningu. Gefnarborg er grænfánaskóli þar sem unnið er að verndun og virðingu fyrir náttúrunni. Í leikskólanum er einnig lögð áhersla á læsi og stærðfræði og þeir þættir markvisst þróaðir áfram á öllum deildum leikskólans.

Myndir úr starfi SSSK



Morgunblaðið/ Kristinn

Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs HÍ, var ræðumaður á fyrstu ráðstefnu SSSK, *Fjölbreyttir skólar – fleiri möguleikar* 2006.



Per Kristensen, formaður samtaka sjálfstæðra skóla í Danmörku, heiðursgestur og ræðumaður 2006.



Guðrún Jónsdóttir, Kristín Sæmundsdóttir, leikskólaráðgjafi, Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara og Agnes Braga Bergsdóttir mættu á fyrstu ráðstefnu SSSK 2006.



Dagur skólastjórnans í SSSK var fyrst haldinn 2012. Myndin er frá heimsókn í Regnbogann 2013.



Frá fyrsta aðalfundinum 2006, Anna Magnea Hreinsdóttir, Kjarrinu, Snorri Traustason, Sólstöfum, Karen Valdemarsdóttir, Gimli.



Fyrstu samningar við Eflingu undirritaðir 2006; Lóvís Hallgrímsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir frá SSSK, Sigurður Bessason og Harpa Ólafsdóttir frá Eflingu.



Vinnudagur stjórnar 2008 í Tjarnarskóla; Margrét Pála Ólafsdóttir, Guðrún Björnsdóttir, Sólveig Einarsdóttir, Karen Valdimarsdóttir, Lóvís Hallgrímsdóttir, Margrét Theodórsdóttir og Edda Huld Sigurðardóttir.

GIMLI

Nafn skóla: Leikskólinn Gimli

Rekstraraðili: Karen ehf

Stofnár skólans: 1971

Gildi/einkunnarorð skólans: *Kærleikur og agi haldast hönd í hönd*

Skólastjóri er: S. Karen Valdimarsdóttir

Aðili að SSSK frá: 2005



Gimli er næstelsti leikskólinn í Reykjanesbæ. Árið 1971 var Gimli tekinn í notkun og var í fyrstu rekinn af Kvenfélagi Njarðvíkur, síðan tók bæjarfélagið við en tímabundið var skólinn rekinn af einkaaðilum. Hinn 30. desember árið 2004 gerði Karen Valdimarsdóttir þjónustusamning við Reykjanesbæ og stofnaði fyrirtækið Karen ehf. Samningurinn var í fyrstu til eins árs en endurnýjaður í lok árs 2005 til næstu þriggja ára eða til loka ársins 2008. Frá þeim tíma hefur samningurinn verið endurnýjaður ár í senn.



Einkunnarorð skólans eru „*Kærleikur og agi haldast hönd í hönd*“ og allt starf leikskólans litast af þessum orðum. Góð samskipti og umhyggja skapa vellíðan og eru lykilatriði í skólasamfélaginu. Frá árinu 1999 hefur leikskólinn starfað eftir Hjallastefnunni. Árið 2005 gerði leikskólinn Gimli fagsamning við Hjallastefnuna ehf. og felur samningurinn í sér aðgang að allri þeirri góðu þjónustu og fræðslu sem Hjallastefnan hefur að bjóða. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar byggist á einföldu og jákvæðu starfsumhverfi sem einkennist af vináttu, kærleika, virðingu og gleði.

Byggt var við leikskólann Gimli sumarið 1996 og árið 2006 bættist við laus kennslustofa. Í dag eru fimm aldurs- og kynjaskiptir kjarnar og er heildarfjöldi barna 80. Starfsmenn eru að jafnaði 20 og býr skólinn yfir miklum stöðugleika í starfsmannahaldi sem og háu hlutfalli fagfólks. Menntandi vinnuumhverfi fyrir bæði starfsfólk og börn, virk foreldraþátttaka og elskulegt andrúmsloft eru þeir þættir í starfinu sem skipta mestu máli á Gimli. Með fyrrnefnda þætti að leiðarljósi virkjum við kraftinn til uppbyggilegra þróunar- og samfélagsverkefna. Dæmi um verkefni eru: „Gaman saman“, samstarf við eldri borgara; „Barnalundur“, umhverfis- og útikennsluverkefni í samstarfi við Njarðvíkurskóla; „Leikur að læra“, læsi og stærðfræði lagt inn í gegnum hreyfingu og leik í samstarfi við Kristínu Einarsdóttur íþrótt- og grunnskólakennara; jóga iðkað í hóp tímum undir leiðsögn jógakennara.

Leikskólinn Gimli/Karen ehf. fagnaði 10 ára rekstrarafmæli 30. desember 2014.

HJALLASTEFNAN



Hjallastefnan ehf. er framsækið menntafyrirtæki í eigu áhugafólks um skólastarf. Fyrirtækið var stofnað af Margrétu Pálu Ólafsdóttur árið 2000 til þess að standa fyrir rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ. Margrét Pála hafði þá verið leikskólastjóri á Hjalla í áratug og þróað þar kenningar og námskrá Hjallastefnunnar. Leikskólum í rekstri Hjallastefnunnar hefur fjölgað í gegnum árin frá því Hjalli var tekinn í þjónusturekstur. Árið 2003 fór Hjallastefnan upp á grunnskólastig með stofnun Barnaskólans í Garðabæ á Vífilsstöðum. Þegar Hjallastefnan var komin í sjálfstæðan rekstur bæði á leik- og grunnskólastigi átti Margrét Pála frumkvæði að stofnun SSSK, samtaka sjálfstæðra skóla.

Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur Hjallastefnunnar. Hún fæddist árið 1957 og ólst upp á Hólsfjöllum og síðar á Akureyri. Árið 1981 útskrifaðist hún frá Fósturskóla Íslands en árið 1982 gerðist hún leikskólastjóri í leikskólanum Steinahlíð þar sem grunnatriði þeirrar uppeldisstefnu sem síðar varð Hjallastefna tóku að þróa. Eftir að Margrét hætti störfum í Steinahlíð árið 1987 starfaði hún við Dagvistarráðgjöfina, sem var sjálfstætt rekið ráðgjafarfyrirtæki, og vann síðan eitt ár sem leikskólakennari í Svíþjóð. Árið 1989 var Margrét ráðin leikskólastjóri á nýjum leikskóla í Hafnarfirði, Garðavöllum, sem fljótlega fékk gælunafnið Hjalli. Þar tók hún ásamt starfsfólki skólans að móta nýstárlega starfshætti sem við þekkjum nú sem Hjallastefnuna. Í dag er Margrét Pála stjórnarformaður fyrirtækisins og Áslaug Hulda Jónsdóttir er framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Skólar Hjallastefnunnar starfa ákaflega sjálfstætt undir stjórn síns leik- eða grunnskólastjóra sem hefur yfrumsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Þannig hefur hver skóli sitt eigið andrúmsloft og sína eigin menningu en allir starfa þeir þó að sameiginlegu markmiði og eftir sömu námskrá sem liggur til grundvallar öllum þáttum fagstarfsins.

Drifkrafturinn í rekstri Hjallastefnunnar er sú skólahugsjón sem allt starf Hjallastefnunnar byggist á. Starfsfólk fyrirtækisins trúir því staðfastlega að starf þess skipti miklu máli og að það eigi með vinnu sinni þátt í að skapa betri framtíð fyrir börn þessa lands. Jafnréttisuppeldi, jákvæðni, agi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir í námskrá Hjallastefnunnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska þeirra einstaklinga sem okkur er treyst fyrir. Einnig er trú okkar að öflugt fyrirtæki í sjálfstæðum skólarekstri geti skapað nýjungar og unnið að tilraunaverkefnum sem veiti hinu opinbera kerfi nauðsynlegt og tímabært aðhald í því að efla fagstarf sitt og þjónustu – öllum börnum til hagsbóta.

LEIKSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Hjalli

Leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði, stofnaður árið 1989 en hefur verið í sjálfstæðum rekstri síðan árið 2000. Skólastjóri er Árný Steindóra Steindórsdóttir, í skólanum eru 176 nemendur og við hann starfa 36 einstaklingar.



Ásar

Leikskólinn Ásar í Garðabæ, stofnaður árið 2001. Skólastjóri er Gróa Margrét Finnsdóttir, í skólanum eru 108 nemendur og við hann starfa 30 einstaklingar.



Hólmasól

Leikskólinn Hólmasól á Akureyri, stofnaður árið 2006. Skólastjóri er Alfa Björk Ólafsdóttir, í skólanum eru 150 nemendur og við hann starfa 35 einstaklingar.



LEIKSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Hraunborg

Leikskólinn Hraunborg á Bifröst, samningur við Hjallastefnuna gerður árið 2006. Skólastjóri er Þorgerður Anna Arnardóttir, í skólanum eru 39 nemendur og við hann starfa 9 einstaklingar.



Litlu-Ásar

Leikskólinn Litlu-Ásar í Garðabæ, stofnaður árið 2006. Skólastjóri er Erna Káradóttir, í skólanum eru 46 nemendur og við hann starfa 16 einstaklingar.



Akur

Leikskólinn Akur í Reykjanesbæ, stofnaður árið 2007. Skólastjóri er Kristín Kristjánsdóttir, í skólanum er 121 nemandi og við hann starfa 29 einstaklingar.



LEIKSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Völlur

Leikskólinn Völlur í Reykjanesbæ, stofnaður árið 2007. Skólastjóri er Karen Viðarsdóttir, í skólanum eru 129 nemendur og við hann starfa 36 einstaklingar.



Laufásborg

Leikskólinn Laufásborg, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2007. Skólastjórar eru Jensína Edda og Matthildur Hermannsdætur, í skólanum eru 124 nemendur og við hann starfa 32 einstaklingar.



Askja

Leikskólinn Askja í Reykjavík, stofnaður árið 2009. Skólastjóri er Dóra Margrét Bjarnadóttir, í skólanum eru 102 nemendur og við hann starfa 26 einstaklingar.



LEIKSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Sóli

Leikskólinn Sóli í Vestmannaeyjum, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2012. Skólastjóri er Helga Björk Ólafsdóttir, í skólanum eru 78 nemendur og við hann starfa 24 einstaklingar.



Sólborg

Leikskólinn Sólborg í Sandgerði, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2012. Skólastjóri er Hulda Björk Stefánsdóttir, í skólanum eru 114 nemendur og við hann starfa 26 einstaklingar.



Tálknafjarðarskóli

Tálknafjarðarskóli, leik- og grunnskóli, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2012. Skólastjóri er Helga Birna Berthelsen, í skólanum eru 68 nemendur og við hann starfa 18 einstaklingar.



LEIKSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Eyrarskjól

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2014. Skólastjóri er Guðríður Guðmundsdóttir, í skólanum eru 69 nemendur og við hann starfa 18 einstaklingar.



Barnaból

Leikskólinn Barnaból á Skagaströnd, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2015. Skólastjóri er Þorgerður Anna Arnardóttir, í skólanum eru 33 nemendur og við hann starfa 9 einstaklingar.



HLÍÐABÓL

Nafn skóla: Hlíðaból
Rekstraraðili: Hvítasunnukirkjan á Akureyri
Stofnár skólans: 1988
Gildi/einkunnarorð skólans: *Samvinna – gleði – kærleikur*
Skólastjóri er: Valgerður Hannesdóttir
Heimasíða: www.hlidabol.is
Aðili að SSSK frá: 2006



Leikskólinn Hlíðaból er kristilegur leikskóli, sjálfseignarstofnun innan Hvítasunnukirkjunnar á Akureyri.

Fyrirverandi forstöðuhjón kirkjunnar, Vörður Leví Traustason og Ester K. Jacobsen, áttu sér draum um leikskóla þar sem börnin fengju að heyra um Jesú Krist, læra bænir og kristilega söngva. Þessi draumur varð svo að veruleika vorið 1988, þegar leikskólinn var vígður hinn 9. apríl.

Leikskólinn er tveggja deilda og starfar samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár leikskóla. Lögð er sérstök áhersla á að efla kristilegt siðgæði barnanna. Biblían kennir okkur að allir menn eru dýrmæt sköpun Guðs og hann fer ekki í manngreinarálit, því er lögð áhersla á góð samskipti, virðingu og kærleika. Önnur hugmyndafræði starfsins byggist á kenningum J. Dewey, M. Montessori og B. Knudsdóttur Ólafson um nám í gegnum leik.

Margt hefur breyst í gegnum árin. Í upphafi var leikskólinn tvísetinn með 80 börn í heildina, en í dag eru þau í kringum 50, með vistunartíma allt frá fjórum klukkustundum upp í átta og hálfa. Stöðugildi eru 15.

Árið 2007 var eldhús skólans stækkað og tekið í gegn, svo nú getum við boðið börnum og starfsfólki upp á holla fæðu sem unnin er frá grunni á staðnum.

Vorið 2006 flaggaði Hlíðaból Grænfánanum í fyrsta sinn, fyrstur leikskóla á Akureyri, enda eitt af markmiðum skólans að bera virðingu fyrir allri sköpun Guðs.

Á sumrin starfrækjum við svokallaðan útiskóla. Hann er ætlaður tveimur elstu árgöngunum, sem ferðast þá mikið um bæinn, rannsaka eitt og annað, heimsækja fyrirtæki og læra heilmikið um umhverfi sitt og náttúru.

Í Hlíðabóli hefur alla tíð verið mikið sungið og hafa nánustu ættingjar barnanna fengið að njóta þess sem og íbúar dvalarheimila Akureyrarbæjar, þegar þeir eru sóttir heim.



FOSSAKOT OG KORPUKOT



Leikskólarnir Fossakot og Korpukot eru systurskólar sem standa við Fossaleyni í Grafarvogi. Skólarnir rúma samtals um 180 börn. Rekstraraðili skólanna er LFA ehf.

Leikskólinn Fossakot er til húsa í Fossaleyni 4. Skólinn var stofnaður með tveimur deildum hinn 18. september 1997 og í mars 1999 var þriðja deildin opnuð í nýrri viðbyggingu.

Í Fossakoti dvelja 80 börn í þremur deildum: Krílakoti, Stubbakoti og Stórakoti. Börnunum er raðað á deildir eftir aldri og getur aldursskipting verið breytileg frá ári til árs þar sem hún ræðst af barnahópnum hverju sinni.

Leikskólinn Korpukot er í Fossaleyni 12. Skólinn var opnaður 18. nóvember 2001. Korpukot rúmar 100 börn og eru deildir skólans fjórar: Sælukot og Sunnukot eru ungbarnadeildir, Bjartakot er fyrir tveggja til þriggja ára börn og Fagarakot börn frá fjögurra ára aldri. Hver deild hefur fjögur herbergi til umráða, þ.e. þrjú minni og eina stóra heimastofu. Þar að auki er stór hreyfisalur á efri hæðinni og rúmgóð stofa sem nýtist fyrir elstu börnin.

Húsnæði Fossakots er 765 fm að stærð og Korpukots 860 fm. Skólahúsin tvö eru sérhönnuð sem leikskólabyggingar og var þarfagreining unnin af fagaðilum ásamt arkitektum húsanna. Bæði húsin eru steinsteypt. Stöðugildi skólanna eru u.þ.b. 34 en fjöldi starfsmanna losar 40. Starfsemi beggja leikskólanna nær yfir fyrsta skólastigið og er sniðin fyrir börn frá níu mánaða aldri eða frá því að fæðingarorlofi foreldra lýkur og fram að skólaskyldualdri. Skólarnir eru opnir frá klukkan hálfátta til hálfsex alla virka daga og boðið er upp á átta, átta og hálf og níu tíma vistun.

Leiðarljós leikskóla LFA ehf. er að skila til þjóðfélagsins námfúsum og lífsglöðum börnum, með jákvætt viðhorf til samfélagsins. Börnum með sterka sjálfsmynd og heilbrigða siðferðiskennd. Börnum sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu. Einkunnarorð skólanna er: „Það er leikur að læra“.



Fossakot



Korpukot



Myndir úr starfi SSSK



Gestir á ráðstefnunni Fögnum árangri allra vorið 2012.



Frá aðalfundi 2010.



Aðalfundur 2009, Katrín Jakobsdóttir, ráðherra, flytur erindi.



Stjórn 2011-2012; Margrét Theodórsdóttir, Tjarnarskóla, Guðrún Björnsdóttir, FS, Jón Örn Valsson, LFA, Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnunni, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóla Ísaks Jónssonar, Ída Jensdóttir, Sjálandi og Lovísa Hallgrímsdóttir, Regnboganum.



Margrét Theodórsdóttir, ráðstefnustjóri í Salnum í Kópavogi, *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf* 2011.



Gengið frá nýjum samningum við Reykjavíkurborg 2010 í Vinagerði, skóla KFUM og K. Á myndinni eru Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Kristín Egilsdóttir, fjármálastjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar Stúdenta.



Ráðstefnugestir í Salnum í Kópavogi 2011.



LUNDUR

Nafn skóla: Ungbarnaskólinn Lundur

Rekstraraðili: Valgerður H. Valgeirsdóttir

Stofnár skólans: 2001

Gildi/einkunnarorð skólans: *Virðing, væntumþykja, vellíðan og virkni*

Skólastjóri er: Valgerður H. Valgeirsdóttir

Aðili að SSSK frá: 2005



Lundur er ungbarnaskóli sem tók til starfa í ágúst 2001. Skólinn er með rekstrarleyfi frá Reykjavíkurborg. Stofnandi og eigandi skólans er Valgerður H. Valgeirsdóttir. Aldursdreifing nemenda skólans er frá sex mánaða aldri til tveggja ára. Fyrstu árin voru nemendur 34 en í dag getur fjöldi þeirra verið allt að 51. Við skipulagningu skólastarfsins í Lundi eru þarfir og geta aldurshópsins sex mánaða til tveggja ára lögð til grundvallar. Þar er ávallt haft að leiðarljósi öryggi þeirra sem í skólanum dvelja frá degi til dags, virðing, væntumþykja og gæði í samskiptum.



REGNBOGINN

Regnboginn leikskóli
Stofndagur skólans er: 3.3. 2003
Gildi: Virðing – gleði – umhyggja
Skólastjóri: Lovísa Hallgrímsdóttir
Heimasíða: www.regnbogi.is
Einkunnarorð: *Börn eru merkilegt fólk*
Aðild að SSSK: 2005



Dignitas ehf. rekur Regnbogann og eru Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólakennari og Ámundi Jökull Játvarðsson vélfræðingur stofnendur og eigendur félagsins. Lovísa er skólastjóri Regnbogans og Ámundi staðarhaldari.

Starfið í leikskólanum tekur mið af aðalnámskrá með áherslum á tilfinningalega styðjandi umhverfi og skapandi starf. Frá upphafi hefur verið lögð sérstök áhersla á mál- og lesþroska í námi barnanna. Horft er til ýmissa fræðimanna, s.s. Johns Dewey, Loris Malaguzzi, Howards Gardner, Daniels Golman o.fl. sem hafa lagt grunn að nútímaþekkingu um bernskuna og þróun einstaklingsins fram til fullorðinsára.

Sýn okkar á barnið er að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf með eigin getu, löngun og fjölbreytta hæfileika til að tileinka sér nám og færni. Við leggjum áherslu á að allt nám og umönnun barnanna fari fram í tilfinningalega styðjandi umhverfi og skólamenningu þar sem börnin finna sig örugg og þar sem ró en jafnframt glöðværð ríkir.

Aðferðir og starfshættir eru í anda Reggíó-stefnunnar. Starfið verður til og mótast í takt við áhugasvið barnanna með styrkri uppeldisfræðilegri sýn kennara og starfslíðs sem ávallt er reiðubúið að styðja börnin til að rannsaka, leita lausna og skapa. Í Reggíó er sagt „börn hafa 100 mál“ og 100x100 aðferðir til að rannsaka, rökræða og uppgötva. Það er foreldra og kennara að skapa börnum umhverfi þar sem þau geta nýtt sér alla hæfileika sína og tjáningarform.

Markmið Regnbogans er að hvert barn öðlist góðan almennan þroska, tilfinningalega færni, sterka sjálfsvitund, sjálfsaga, hæfni í samskiptum, skapandi færni og frjóan huga. Þessir þættir eru grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og vera skapandi frumkvöðlar í lífi sínu og starfi.



SÆLUKOT

Nafn skóla: Leikskólinn Sælukot

Rekstraraðili: Dagvistarfélagið Sæluatröð

Stofnár skólans: 1977

Gildi/einkunnarorð skólans: *Að þroska líkamlega, huglæga og andlega hæfileika sérhvers barns*

Skólastjóri er: Didi Ananda Kaostubha

Heimasíða: www.saelukot.is

Aðili að SSSK frá: 2005



Árið 1977 gerðu félagar í Ananda Marga upp húsnaðið í Einarsnesi 76 í Skerjafirði og breyttu því í dagheimili sem þeir nefndu Leikskóla Ananda Marga. Hann var fyrst og fremst rekinn á grundvelli sjálfböðavinnu félaga í AM. Árið 1981 þurfti skólinn að flytja úr húsnaðinu. Þá var myndaður félagsskapur foreldra barnanna, starfsfólks leikskólans og félaga úr systrasamtökum AM sem yfirtóku stjórnun og rekstur leikskólans og hófu leit að öðru húsnaði fyrir starfseminna. Systrasamtök Ananda Marga eru deild innan hreyfingarinnar, en hreyfingin rekur skóla um allan heim allt frá leikskólastigi til háskóla.

Menntastefna skólanna byggist á heimspeki indverska hugsuðarins PR Sarkars og heitir neó-húmanismi eða ný-húmanismi. Forstöðukona skólans var Didi Ananda Sukriti, en Didi þýðir systir. Hún var nunna frá Filippseyjum og hafði umfangsmikla þekkingu á hugmyndafræði skólans. Það voru hin jákvæðu samskipti hennar við félag AM, foreldra, kennara, samfélagið og áhrifafólk í samfélaginu sem gerðu henni kleift að byggja það húsnaði sem skólinn hefur notið æ síðan. Fleiri Didíar hafa léð skólanum krafta sína og byggt við hann í tvígang. Núverandi fjöldi barna er 39 en með stækkun skólans munu bætast við 25 börn á næsta ári.

Mikið frumkvöðlastarf hefur verið unnið í Sælukoti. Hugleiðsla og jóga var kennt þar strax árið 1977 og þótti frekar óvenjulegt. Í dag þykir það sjálfsagt að stunda jóga og borða grænmetisfæði. Neó-húmanismi kennir ást til alls sköpunarverksins.



SJÁLAND

Nafn skóla: Leikskólinn Sjáland
Rekstraraðili: Sjáland ehf.
Stofnár skólans: 2005
Gildi/einkunnarorð skólans: *Náttúruleg gleði*
Skólastjóri er: Ída Jensdóttir
Heimasíða: www.sjaland.is
Aðili að SSSK frá: 2006



Leikskólinn Sjáland var stofnaður árið 2005 í kjölfar útboðs á vegum Garðabæjar um byggingu og rekstur leikskóla í Sjálandshverfi. Skólinn var opnaður 15. ágúst 2005 og var þá tekið á móti 33 nemendum á aldrinum 18 mánaða til fimm ára. Fyrsta skólaárið hafði skólinn aðstöðu í Sjálandsskóla því bygging hans var ekki tilbúin. Í júlí 2006 flutti leikskólinn í eigið húsnaði og fjölgaði börnum jafnt og þétt og voru þau flest 160 haustið 2013.

Leikskólinn er rekinn af Sjálandi ehf. sem er að hluta til í eigu Ídu Jensdóttur leikskólustjóra. Það hefur verið mikill kraftur frá opnun í starfi skólans og mikið hugsjónastarf unnið. Markmiðið frá upphafi hefur verið „skóli í þróun“ og mikill sveigjanleiki í að þróa faglegt starf hans og stefnu. Í því ljósi hefur skólinn sett fram nýja fagstefnu sem byggist á fjölgreindarkenningu Howards Gardner sem nefnist Fjölvísistefnan. Hún var samþykkt af hálfu Garðabæjar vorið 2009 og innleidd í skólastarfið haustið 2009. Að auki hefur skólinn lagt mikla áherslu á umhverfisvernd og umhverfismenntun. Í desember 2008 fékk skólinn alþjóðlegu umhverfisviðurkenninguna Grænánann, fyrstur leikskóla í Garðabæ. Viðurkenningin hefur verið mikil hvatning til skólans um þann árangur sem stefnt var að og náðst hefur; að umhverfismennt sé í hávegum höfð í öllu starfinu.



Einkunnarorð leikskólans í starfi eru „Jafn réttur til að njóta sín á eigin forsendum“ og vilji til að skapa lifandi leikskóla sem ýtir undir sjálfstraust, sjálfsvirðingu og félagsfærni, sem leiðir til aukins þroska.

Hvert barn fær tækifæri til að blómstra á sínum eigin forsendum og reynt er að ala upp einstaklinga með jákvæða og sterka sjálfsmynd. Áhersla er á fjölbreytt verkefnaval, vandaðan efnivið, næringarríkt fæði og gleði í starfi. Barninu er sýnd virðing, umhyggja, öryggi og jákvæðni. Þessir þættir eru mikilvægir til að hvert og eitt barn sé hamingjusamt, sem er grundvöllur alls náms. Barn, sem líður vel, er tilbúnara til að prófa, upplifa og læra eitthvað nýtt.

SKERJAGARÐUR

Nafn skóla: Leikskólinn Skerjagarður
Rekstraraðili: Skerjagarður ehf.
Stofnár skólans: 1. apríl 2003
Gildi/einkunnarorð skólans: *Gleði – frumkvæði – sköpun*
Skólastjóri er: Elín Birna Kristinsdóttir
Heimasíða: www.skerjagardur.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Leikskólinn Skerjagarður tók til starfa 1. apríl 2003 og verður því 12 ára á árinu. Áður var starfræktur einkarekinn leikskóli í þessu sama húsnæði frá árinu 1989. Í byrjun var þar 41 barn en með stækkun á húsnæðinu eru börnin nú 50. Rekstraraðilar eru Elín Birna Kristinsdóttir leikskólakennari og Ólafur Pétursson. Öll börnin eru í heilsdagsvist.

Deildirnar eru tvær; Ból, þar sem börn eru frá 18 mánaða aldri, og Bakki, þriggja til sex ára. Mikil áhersla er lögð á gleði og jákvæðni í starfi, því góð samskipti stuðla að hamingju, gleði og vellíðan hjá öllum. Starfað er eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem hefur opnað nýja og skapandi sýn á nám barna, þar sem hún er sveigjanleg og tekur breytingum í takt við tíðarandann. Lögð er mikil áhersla á hjartanærandi

samskipti, skapandi hugsun heimspekinnar og uppgötvunarnám á forsendum barnanna, en börn læra mest og best í gegnum leik og eigin reynslu og uppgötvun. Allt nám á að veita börnum ánægju, áhuga og vilja til að læra meira.

Í nánasta umhverfi leikskólans eru skemmtileg útivistarsvæði og fara börnin mikið þangað til að sækja sér efnivið til að vinna með, ásamt því að kanna lífríki fjörunnar. Elstu börnin fara mikið á söfn og sýningar og vinna svo úr upplifun sinni á fjölbreyttan hátt, s.s. í myndlist, með leir eða einingakubbum. Elstu börnin fara einnig í skipulagðar hreyfistundir í KR einu sinni í viku.

Á Skerjagarði er lögð áhersla á kærleiksríkt uppeldi og jákvæða útgeislun og að vera stöðugt vakandi fyrir hæfileikum og kostum barnanna með því að hrósa þeim þannig að þau upplifi sig einstök og hæfileikarík.



Nafn skóla: Ungbarnaskólinn Ársól – heilsuleikskóli, Reykjavík
Rekstraraðili: Skólar ehf.
Stofnár skólans: 2008
Gildi/einkunnarorð skólans: *Heilbrigð sál í hraustum líkama*
Skólastjóri er: Berglind Grétarsdóttir
Heimasíða: www.skolar.is / www.leikskolinn.is/arsol
Aðili að SSSK frá: 2008



Ungbarnaleikskólinn Ársól – heilsuleikskóli samanstendur af tveimur deildum þar sem um 50 börn nema og njóta dag hvern.

Einkunnarorð okkar eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og er heilsuefling höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við vinnum því markvisst með þroska og heilbrigði og leggjum þannig grunn að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og velferð barnanna til framtíðar. Auk þess að vera þátttakendur í samfélags- og þróunarverkefninu „Heilsueflandi leikskóli“ í samvinnu við Embætti landlæknis störfum við í anda Heilsustefnunnar, sem kennd er við Unni Stefánsdóttur, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á holla og fjölbreytta næringu og markvissa hreyfingu og sköpun í leik.

Öll börnin fara í skipulagðar hreyfistundir tvisvar í viku með fagstjóra í hreyfingu. Þar er lögð áhersla á að stuðla að betri hreyfiþroska og -færni, jafnvægi og samhæfingu og auka líkamsvitund.

Við leggjum jafnframt mikið upp úr könnunarleiknum þar sem leikið er með verðlaust efni á forsendum barnanna án stýringar kennara. Markmiðið er að þroska einbeitingu og athyglisgáfu og örva skynfærin með því að barnið rannsaki, uppgötví og noti ímyndunaraflíð. Efniviðurinn samanstendur m.a. af hólkum, lyklum, tómum dósnum, lokum og fleiru.

Í Ársól fer fram þátttökuaðlögun og áður en aðlögun hefst fara skólastjóri og deildarstjóri í heimsókn til barnsins. Þessar heimsóknir styrkja samstarfið milli heimilis og skóla og í þátttökuaðlöguninni eru foreldrar með barninu í að minnsta kosti þrjá daga. Þannig fá barnið og foreldrar þess tækifæri til að kynnast starfi og starfsfólki leikskólans í sameiningu, sem stuðlar að góðum samskiptum og öryggistilfinningu allra hlutaðeigandi.

Framtíðarsýn okkar er sú að byggja upp heilsueflandi lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu sem þau öðlast á uppbyggilegan hátt.



Nafn skóla: Heilsuleikskólinn Háaleiti, Reykjanesbæ
Rekstraraðili: Skólar ehf.
Stofnár skólans: 2008
Gildi /einkunnarorð skólans: *Heilbrigð sál í hraustum líkama*
Skólastjóri er: Þóra Sigrún Hjaltadóttir
Heimasíða: www.skolar.is / www.leikskolinn.is/haaleiti
Aðili að SSSK frá: 2008



Heilsuleikskólinn Háaleiti samanstendur af þremur deildum þar sem 60 börn nema og njóta dag hvern.

Einkunnarorð okkar eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og er heilsuefning höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við vinnum því markvisst með þroska og heilbrigði og leggjum þannig grunn að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og velferð barnanna til framtíðar. Auk þess að vera þátttakendur í samfélags- og þróunarverkefninu „Heilsuefandi leikskóli“ í samvinnu við Embætti landlæknis störfum við í anda Heilsustefnunnar, sem kennd er við Unni Stefánsdóttur, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á holla og fjölbreytta næringu, markvissa hreyfingu og sköpun í leik.

Við leggjum áherslu á að flétta læsi og stærðfræði í víðum skilningi inn í allt skólastarfið og vinnum með því, ásamt öðrum skólum, að Framtíðarsýn Reykjanesbæjar í menntamálum. Sú sýn leggur áherslu á þau fjölmörgu sóknarfæri sem við höfum á sviði menntamála þar sem horft er til bættrar og aukinnar menntunar barna til að bæta stöðu svæðisins til frambúðar.

Samhengið milli hreyfingar og þroska er okkur afar hugleikið enda fara allir nemendur a.m.k. tvisvar í viku í hreyfistund með sérstökum fagstjóra auk þess sem dagleg útivera er einn af lykilþáttum hreyfingar. Við erum einnig í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra varðandi aukna og sérhæfða hreyfingu fyrir börn með frávik/sérþarfir af öllu tagi.

Skólinn er á „grænni grein“ og stuðlar markvisst að aukinni umhverfisvitund, m.a. í gegnum sjálfbærni. Við flokkum sorp, endurvinnum og endurnýtum, ásamt því að rækta grænmeti og urða lífrænan úrgang (moltugerð).

Framtíðarsýn okkar er sú að byggja upp heilsuefandi lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu sem þau öðlast á uppbyggilegan hátt.



Nafn skóla: Heilsuleiksskólinn Hamravellir, Hafnarfirði
 Rekstraraðili: Skólar ehf.
 Stofnár skólans: 2008
 Gildi/einkunnarorð skólans: *Heilbrigð sál í hraustum líkama*
 Skólastjóri er: Ragnheiður Gunnarsdóttir
 Heimasíða: www.skolar.is / www.leiksskolinn.is/hamravellir
 Aðili að SSSK frá: 2008



Heilsuleiksskólinn Hamravellir samanstendur af fimm deildum þar sem 120 börn nema og njóta dag hvern. Einkunnarorð okkar eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og er heilsuefning höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Við vinnum því markvisst með þroska og heilbrigði og leggjum þannig grunn að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og velferð barnanna til framtíðar. Auk þess að vera þátttakendur í samfélags- og þróunarverkefninu „Heilsuefandi leikskóli“ í samvinnu við Embætti landlæknis störfum við í anda Heilsustefnunnar, sem kennd er við Unni Stefánsdóttur, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á holla og fjölbreytta næringu og markvissa hreyfingu og sköpun í leik.

Öll börnin fara tvisvar í viku í markvissar hreyfistundir og sköpun með sérstökum fagstjórum, sem er eitt af því sem flokkast sem sérstaða heilsuleiksskóla.

Nýting upplýsingatækni í skólastarfi er okkur hugleikin og undanfarið skólaár höfum við einbeitt okkur að þróunarverkefninu „Í takt við tæknina – efling læsis með notkun upplýsingatækni og spjaldtölva“, sem styrkt er af Sprotasjóði. Verkefnið snýst um að innleiða notkun upplýsingatækni og spjaldtölva í kennslu með það að markmiði að efla alhliða læsi í víðum skilningi.

Við eigum jafnframt fulltrúa í stýrihópi um gerð læsisstefnu allra leik- og grunnskóla í Hafnarfirði auk þess sem við erum að setja saman læsisstefnu leiksskólans. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og markvissa notkun skimana til að greina og aðstoða börn í áhættuhópi. Þessi tvö læsisverkefni á Hamravöllum fara mjög vel saman og gera starfið áhugavert og spennandi bæði fyrir starfsmenn og nemendur.

Framtíðarsýn okkar er sú að byggja upp heilsuefandi lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu sem þau öðlast á uppbyggilegan hátt.



Nafn skóla: Heilsuleiksskólinn Kór, Kópavogi
Rekstraraðili: Skólar ehf.
Stofnár skólans: 2006
Gildi/einkunnarorð skólans: *Heilbrigð sál í hraustum líkama*
Skólastjóri er: Bjarney Kristín Hlöðversdóttir
Heimasíða: www.skolar.is / www.leikskolinn.is/kor
Aðili að SSSK frá: 2006



Heilsuleiksskólinn Kór samanstendur af deildum (lundum) þar sem 124 börn nema og njóta dag hvern. Einkunnarorð skólans eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og er heilsuefning höfð að leiðarljósi í öllu starfi hans. Unnið er markvisst með þroska og heilbrigði og þannig lagður grunnur að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og velferð barnanna til framtíðar. Auk þess að vera þátttakandi í samfélags- og þróunarverkefninu „Heilsuefandi leikskóli“ í samvinnu við Embætti landlæknis starfar skólinn í anda Heilsustefnunnar, sem kennd er við Unni Stefánsdóttur, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á holla og fjölbreytta næringu, markvissa hreyfingu og sköpun í leik.



Mikil áhersla er lögð á umhverfisvitund og hefur skólanum tvisvar hlotnast sá heiður að fá Grænfánann í samnefndu verkefni Landverndar. Heildarmarkmiðið með grænfánaverkefninu er að nota þemað áttthaga og lýðheilsu til að auka sjálfsvitund, umhverfisvitund og samfélagskennd nemenda og kennara og stuðla jafnframt að því að það starf og lærdómurinn sem af því hlýst smiti út frá sér til aðstandenda og nærsamfélagsins.

Útinám er starfsfólki að sama skapi mjög hugleikið og er t.d. markviss útikennsla yfir sumartímann í Magnúsarlundi. Börnin dvelja þá hluta úr degi í skóginum við fjölbreytt verkefni sem auka m.a. þekkingu þeirra á náttúrunni. Í gegnum Erasmus+-þróunarverkefnið „Fjölbreyttari kennsluhættir með áherslu á nærumhverfið og líkamsvitund“ mun starfsfólkið síðan efla hæfni sína og tileinka sér fjölbreyttar kennsluáðferðir til að efla líkamsvitund barnanna, þol þeirra og hreyfifærni með áherslu á nærumhverfið og útiveru.

Framtíðarsýn skólans er sú að byggja upp heilsuefandi lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu sem þau öðlast á uppbyggilegan hátt.



Nafn skóla: Heilsuleiksskólinn Krókur, Grindavík
Rekstraraðili: Skólar ehf.
Stofnár skólans: 2001
Gildi/einkunnarorð skólans: *Heilbrigð sál í hraustum líkama*
Skólastjóri er: Hulda Jóhannsdóttir
Heimasíða: www.skolar.is / www.leikskolinn.is/krokur
Aðili að SSSK frá: 2005



Heilsuleiksskólinn Krókur samanstendur af fjórum deildum þar sem rétt rúmlega 100 börn nema og njóta dag hvern. Einkunnarorð skólans eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ og er heilsuefling höfð að leiðarljósi í öllu starfi hans. Unnið er markvisst með þroska og heilbrigði og þannig lagður grunnur að góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og velferð barnanna til framtíðar. Auk þess að vera þátttakandi í samfélags- og þróunarverkefninu „Heilsueflandi leikskóli“ í samvinnu við Embætti landlæknis starfar skólinn í anda Heilsustefnunnar, sem kennd er við Unni Stefánsdóttur, þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á holla og fjölbreytta næringu, markvissa hreyfingu og sköpun í leik.

Mikil áhersla er enn fremur lögð á uppbyggjandi samskipti sem einkennast af jákvæðum viðhorfum og virðingu með áherslu á faglega umhyggju og vellíðan í anda þróunarverkefnis skólans, „Rósemdar og umhyggju“. Þannig leitast starfsfólk við að skapa gott og þroskandi náms- og starfsumhverfi sem eflir jákvæðan skólabrag.

Í leik og námi er lögð áhersla á frjálsan sjálfsprottinn leik í fjölbreyttu námsumhverfi í anda lýðræðis og jafnréttis, þar sem börnin leika sér á eigin forsendum, læra á umhverfi sitt og þróa félagsleg tengsl.

Með umhverfisstefnu sinni og þátttöku í grænánaverkefni Landverndar vill skólinn efla komandi kynslóðir í að stuðla að sjálfbærni samfélagsi þar sem ábyrgð er tekin á umgengni við umhverfi og náttúru. Útinám er því stór hluti af starfsháttum skólans þar sem námið er fært út í nánasta umhverfi allan ársins hring og litið á náttúruna sem náms- og þroskavettvang.



Framtíðarsýn skólans er sú að byggja upp heilsueflandi lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu sem þau öðlast á uppbyggilegan hátt.

UNDRALAND

Nafn skóla: Leikskólinn Undraland
Rekstraraðili: Leikskólinn Undraland ehf.
Stofnár skólans: 1987
Einkunarorð : *Virgni – virðing – gleði – vellíðan*
Skólastjórar: Bryndís Hilmarsdóttir og Sonja I. Einarsdóttir
Heimasíða: www.undra.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Dagvistarheimilið Undraland sf. var stofnað í apríl 1987 og var því fyrsti einkarekni leikskólinn á Íslandi. Síðar breyttist nafnið í Leikskólann Undraland ehf. Eigendur og rekstraraðilar frá upphafi eru Bryndís Hilmarsdóttir og Sonja Ingibjörg Einarsdóttir.

Eigendur Undralands langaði til að bjóða giftum og sambýlisfólki möguleika á heilsdagsplássi, en einstæðir og námsmenn voru þeir einu sem áttu möguleika á því. Draumur þeirra var að setja á stofn leikskóla eftir eigin hugmyndum. Var Undraland undir eftirliti menntamálaráðuneytis og Kópavogsbæjar.

Á Undralandi er mikið lagt upp úr að efla alhliða þroska barna í skýru, rólegu og heimilislegu umhverfi. Börnin fá að vera börn, njóta þess og upplifa sig örugg og óþvinguð og öðlast þannig gott sjálfstraust. Lögð er áhersla á að hvert barn fái verkefni við hæfi, beri virðingu fyrir sjálfu sér og fyrir tilfinningum og eigum annarra. Starfsfólk ber virðingu fyrir leik barnsins og gleði og áhuga barnanna á tilverunni almennt þar sem rannsóknir hafa sýnt að barn á leikskólaaldri lærir mest og best í gegnum leik.

Undraland er einnar deildar leikskóli með 33 börn frá 18 mánaða til sex ára. Í upphafi var Undraland í leiguhúsnæði í Kópavogi með 15 börn. Árið 2001 fékk skólinn úthlutaða lóð á Hábraut 3 og var þá byggt það húsnæði sem skólinn er í í dag.



VINAGARÐUR

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK
KFUM og KFUK á Íslandi
Stofnaður 1975
Gildi skólans: *Trú, von, kærleikur*
Leikskólastjóri: María Sighvatsdóttir
www.kfum.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Leikskóli KFUM og KFUK, sem síðar fékk nafnið Vinagarður, var stofnaður 14. ágúst 1975 og hóf störf 17. nóvember sama ár. Mikill skortur var á leikskólaplássum í Reykjavík á þessum tíma og félögin áttu lítið notað húsnæði í Langagerði 1 sem þótti henta til leikskólareksturs. Helstu talsmenn þessara hugmynda voru þær Herdís Karlsdóttir og Kristín Pálsdóttir fóstrur og Sigurður Pálsson, kennari og námsstjóri. Þau sátu í fyrstu stjórninni ásamt Þórði Ólafi Búasyni verkfræðingi. Við undirbúning starfsins var lítið til leikskóla annars staðar á Norðurlöndunum sem reknir voru af kristilegum félögum og lögðu áherslu á kristið uppeldi og fræðslu. Í upphafi var um hálfisdagsleikskóla að ræða með tveimur 15 barna deildum.

Árið 2001 var hafin bygging nýs 60 barna leikskóla á lóð KFUM og KFUK við Holtaveg 28 og flutti starfsemin þangað 2. apríl 2002. Síðar bættust við tvær deildir með 30 plássum þarinnig að í dag eru 90 pláss á leikskólanum.

Starf leikskólans byggist á kristnum gildum; trú, von og kærleika, grundvelli vellíðunar og öryggis barna, og er leiðarljós í starfi hans. Áhersla er lögð á að börnin læri um náttúruna, að bera umhyggju fyrir henni og allri sköpun Guðs eins og María Montessori lagði áherslu á. Norsku uppeldisfræðingarnir Dag Hallen og Oddbjörn Evenshaug hafa líka mótandi áhrif á leikskólastefnu Vinagarðs með sýn sinni á barnið í brennidepli.

Vináttan í víðum skilningi er eins og rauður þráður í starfi leikskólans og vísar nafn skólans í hana, en hún er eitt af sérkennum hans.



VINAMINNI

Nafn skóla: Leikskólinn Vinaminni
Rekstraraðili: Sólveig Einarasdóttir
Stofnár skólans: 1994
Gildi/einkunnarorð skólans: *Virðing, gleði, traust/leikurinn á vísdóm veit*
Skólastjóri er: Sólveig Einarasdóttir
Heimasíða: www.vinaminni.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Leikskólinn Vinaminni er sjálfstætt starfandi leikskóli í Asparfelli 10-12 í Reykjavík. Hann hóf starfsemi 14. janúar 1994. Stofnendur leikskólans voru þrír leikskólakennarar, Sólveig Einarasdóttir, Guðríður Jónsdóttir og Marit Guðnadóttir. Sex árum síðar höfðu bæði Guðríður og Marit selt sinn hlut og hefur Sólveig stýrt og rekið leikskólanum ein upp frá því.

Við upphaf leikskólans voru börnin alls 47 í þremur deildum við Asparfell 10. Árið 2011 var leikskólinn stækkaður og húsnæði við Asparfell 12 tekið í notkun. Starfsaðstaðan varð öll léttari og skemmtilegri í nýju og rúmgóðu húsnæði. Leikskólabörnunum fjölgaði í 86 á fimm deildum, starfsmönnum fjölgaði að sama skapi um rúmlega helming.

Hugmyndafræði leikskólans byggist á kenningum Uries Bronfenbrenner um atferlismótun, samspil einstaklingsins við umhverfi sitt og áhrif þess á námsgetu barna. Ennfremur hugmyndum Berit Bae um þróun sjálfsins út frá samspili barna og fullorðinna í leikskólanum og hugmyndum Piagets um það hvernig börn tileinka sér þekkingu. Kenningar þessara fræðimanna eru síðan útfærðar og aðlagðar starfinu með börnunum í Vinaminni. Einkunnarorð Vinaminnis eru: „Leikurinn á vísdóm veit“ og eru gildi leikskólans virðing, gleði og traust. Í starfinu með börnunum í Vinaminni er aðaláhersla lögð á samskipti, að talað sé með virðingu við börnin og þau læri að leysa deilur á friðsaman hátt. Áhersla er lögð á að einstaklingurinn fái að njóta sín og stuðlað að því að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, félagslega sterkir og með góða sjálfsmynd.

Góður leikskóli er þar sem gleði, virðing og traust ríkir, og þar sem er góður starfsandi. Við fullorðna fólkið yfirferum gleðina og starfsandann til barnanna. Börnin eru besta fólkið en til að starfið í leikskólanum sé uppbyggilegt, fræðandi og áhugavert fyrir börnin þarf að hafa gott starfsfólk. Því er mikilvægt fyrir Vinaminni að hafa ánægt og gott starfsfólk sem gefur börnunum tækifæri til að efla sjálfsmyndina, sjálfstæði sitt og félagsfærni og teygja sig ætíð skrefinu lengra í þekkingarleit sinni.



Gott foreldrasamstarf er grundvöllur þess að börnunum líði vel í leikskólanum sínum. Fjölskyldan er mikilvægust fyrir barnið og mikið er lagt upp úr góðum samskiptum og upplýsingagjöf við foreldra í Vinaminni og að fá þá inn í skólann. Foreldramorgunverður Vinaminnis á föstudögum er t.d. gríðarlega vinsæll og góð leið til að efla foreldrasamstarfið.

Við sem störfum með börnunum í Vinaminni horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að þróa starfið enn frekar með börnunum og takast á við ný verkefni jafnframt því að halda áfram á sömu braut og við höfum verið á.

SÓLSTAFIR

Nafn skóla: Waldorfskólinn Sólstafir
Rekstraraðili: Waldorfleikskólinn Sólstafir
Stofnár skólans: 1994
Gildi/einkunnarorð skólans: *Hugur, hjarta, hönd*
Skólastjóri er: Snorri Traustason
Heimasíða: www.waldorf.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Segja má að allt starf Waldorfskólans Sólstafa undirstriki mikilvægi þess að ná jafnvægi milli þriggja leiða manneskjunnar til að tengjast heiminum; í gegnum líkamlegt starf, í gegnum tilfinningalífið og á hugsanasviðinu. Hugur, hjarta og hönd eru öll jafnmikilvæg í þroskaferli barnsins og eru grunnurinn að nálgun Waldorf-uppeldisfræða. Í náminu er barnið sjálft sett í forgrunn og námið miðar að því að mæta nemandanum þar sem hann er staddur. Leitast er við að vinna á skapandi hátt með allt námsefnið, bæði í framsetningu efnis og úrvinnslu þess. Handverki er gert hátt undir höfði og útinám og vettvangsnám eru meðal grunnstoða í vinnu nemenda. Samvinna, samkennd og kærleiksríkt skólastarf eru einnig lykill að þeirri heildrænu nálgun sem er aðalsmerki skólastefnunnar.

Waldorfskólinn Sólstafir hóf starfsemi sína í Reykjavík hinn 6. júní 1994 og er sjálfseignarstofnun. Hvatinn að stofnun skólans var ósk foreldra um Waldorfskóla í Reykjavík. Leikskólinn hóf starfið með 20 börnum og fljótlega fór skólastarf af stað. Leikskólarnir eru í dag tveir, á Grundarstíg og Marargötu, með um 70 börn og er starfið blómlegt. Grunnskólinn hefur vaxið úr einni bekkjardeild sex og sjö ára barna í 55 barna skóla sem starfræktur er í Sóltúni 6. Í Reykjavík eru því um 125 nemendur í Waldorfnámi.



Í grunnskólanum er kennt á öllum stigum með samkenndu tveggja árganga í senn.

Markmið skólans er að byggja upp og reka leikskóla og grunnskóla í Sóltúninu, byggða á kenndu og uppeldisfræði Rudolfs Steiner. Í starfi skólans er unnið með námsferli sem fullnægja kröfum aðalnámskrár og nýta sér jafnframt framvindu og aðferðafræði Waldorf-uppeldisfræðinnar.

Þróunarverkefni skólans á næstu árum er að skapa sér farveg sem íslenskur grunnskóli með aðra aðferðafræði og áherslur í skólastarfi.

YLUR

Nafn skóla: Waldorfleikskólinn Ylur, Lækjarbotnum

Rekstraraðili: Sjálfseignarstofnunin Ásmegin

Stofnár skólans: 1990

Gildi/einkunnarorð skólans: *Lífið í heild sinni líkist jurt, sem býr ekki einvörðungu yfir því sem augað nemur, heldur geymir einnig í leyndum djúpum sína eigin framtíð*

Skólastjóri er: Sigrún Eiríksdóttir

Heimasíða: www.waldorfskoli.is

Aðili að SSSK frá: 2007



Waldorfleikskólinn Ylur

Waldorfleikskólinn Ylur er í Seldal í Lækjarbotnum, sem er um sjö kílómetra fyrir utan Reykjavík. Leikskólinn var stofnaður í desember árið 1991 af foreldrum sem vildu fá annars konar kennslu og umönnun fyrir börnin sín en þá sem var í boði hér á Íslandi. Í dag eru 20 börn á leikskólanum í tveimur aldursblönduðum deildum og starfsmenn eru sex; tveir á hvorri deild auk matræðs og gjaldkera.

Starfsemi skólans byggist á hugmyndafræði Rudolfs Steiner þar sem aðaláherslan er lögð á að mæta barninu þar sem það er statt á hverju þroskastigi fyrir sig. Hornsteinar leikskólans eru nokkrir samtvinnuðir þættir; leikurinn, hrynjandinn, fyrirmyndin, umhverfið og ævintýrin. Þungamiðjan er hinn sjálfsprottni leikur og til þess að leikurinn nái að dafna er eitt aðalhlutverk Waldorfleikskólakennarans að skapa börnunum umhverfi sem veitir þeim innblástur og er hann þeim fyrirmynd í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Umhverfi barnanna er notalegt og fallegt og leikföng og aðbúnaður úr náttúrulegum efniviði. Mikilvægt innlegg í leikinn og þroskaferil barnanna eru sögur og ævintýri sem börnunum eru sögð daglega. Einnig er mikil áhersla lögð á stöðuga dags-, viku- og árshrynjandi til þess að barnið finni til öryggis og nái að dafna.

Útisvæði leikskólans er einstakt og fá börnin daglega dýrmæt tækifæri til þess að leika og starfa í náttúrulegu umhverfi. Grundvallarmarkmið Waldorfleikskólans eru að örva börnin til að upplifa með öllum skynfærunum, veita þeim gott félagslegt og siðferðislegt uppeldi og að börnin verði skapandi í leik og starfi.



Myndir úr starfi SSSK



Hugó Þórisson, sálfræðingur, ræðumaður á ráðstefnunni Fögnum árangri allra í Hörpu 2012.



Ráðstefnugestir Fögnum árangri allra 2012.



Orkuboltinn Margrét Pála Ólafsdóttir heiðruð og henni þökkúð frækileg forysta fyrsta formanns SSSK á árunum 2005-2012.



Hátíðarfundur haldinn í Hannesarholti 2013 í tilefni af stjórnarfund nr. 100 en til hans voru einnig boðaðir f.v. stjórnarmenn SSSK. Sérstakir gestir og ræðumenn fundarins voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs SA og Margrét Pála Ólafsdóttir, f.v. formaður SSSK. Á myndinni er núverandi stjórn; Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Guðmundur Pétursson, Ída Jensdóttir, Lovísa Hallgrímsdóttir, Jón Örn Valsson, Snorri Traustason og Sólvi Sveinsson. Aðrir á myndinni eru; Margrét Pála Ólafsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, verkefnastjóri SSSK, Pétur Guðmundsson, Margrét Theodórsdóttir og Sólveig Einarsdóttir f.v. stjórnarmenn í SSSK og Axel Einar Guðnason f.v. starfsmaður SSSK.



Frá aðalfundi í Húsi atvinnulífsins 2014.



Frá undirritun samninga við FL 2014, Haraldur Gíslason, formaður FL, Áslaug Hulda Jónsdóttir fyrir SSSK og Kristín Þóra Harðardóttir lögmaður SA.



Grunnskólar

GRUNNSKÓLAR HJALLASTEFNUNNAR



Hjallastefnan ehf. er framsækið menntafyrirtæki í eigu áhugafólks um skólastarf. Fyrirtækið var stofnað af Margréti Pálu Ólafsdóttur árið 2000 til þess að standa fyrir rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ. Margrét Pála hafði þá verið leikskólastjóri á Hjalla í áratug og þróað þar kenningar og námskrá Hjallastefnunnar. Leikskólum í rekstri Hjallastefnunnar hefur fjölgað í gegnum árin frá því Hjalli var tekinn í þjónusturekstur. Árið 2003 fór Hjallastefnan upp á grunnskólastig með stofnun Barnaskólans í Garðabæ á Vífilstöðum. Þegar Hjallastefnan var komin í sjálfstæðan rekstur bæði á leik- og grunnskólastigi átti Margrét Pála frumkvæði að stofnun SSSK, samtaka sjálfstæðra skóla.

Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur Hjallastefnunnar. Hún fæddist árið 1957 og ólst upp á Hólsfjöllum og síðar á Akureyri. Árið 1981 útskrifaðist hún frá Fósturskóla Íslands en árið 1982 gerðist hún leikskólastjóri í leikskólanum Steinhlið þar sem grunnatríði þeirrar uppeldisstefnu sem síðar varð Hjallastefna tóku að þróa. Eftir að Margrét hætti störfum í Steinhlið árið 1987 starfaði hún við Dagvistarráðgjöfina, sem var sjálfstætt rekið ráðgjafarfyrtæki, og vann síðan eitt ár sem leikskólakennari í Svíþjóð. Árið 1989 var Margrét ráðin leikskólastjóri á nýjum leikskóla í Hafnarfirði, Garðavöllum, sem fljótlega fékk gælunafnið Hjalli. Þar tók hún ásamt starfsfólki skólans að móta nýstárlega starfshætti sem við þekkjum nú sem Hjallastefnuna. Í dag er Margrét Pála stjórnarformaður fyrirtækisins og Áslaug Hulda Jónsdóttir er framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Skólar Hjallastefnunnar starfa ákaflega sjálfstætt undir stjórn síns leik- eða grunnskólastjóra sem hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Þannig hefur hver skóli sitt eigið andrúmsloft og sína eigin menningu en allir starfa þeir þó að sameiginlegu markmiði og eftir sömu námskrá sem liggur til grundvallar öllum þáttum fagstarfsins.

Drifkrafturinn í rekstri Hjallastefnunnar er sú skólahugsjón sem allt starf Hjallastefnunnar byggist á. Starfsfólk fyrirtækisins trúir því staðfastlega að starf þess skipti miklu máli og að það eigi með vinnu sinni þátt í að skapa betri framtíð fyrir börn þessa lands. Jafnréttisuppeldi, jákvæðni, agi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir í námskrá Hjallastefnunnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska þeirra einstaklinga sem okkur er treyst fyrir. Einnig er trú okkar að öflugt fyrirtæki í sjálfstæðum skólarekstri geti skapað nýjungar og unnið að tilraunaverkefnum sem veiti hinu opinbera kerfi nauðsynlegt og tímabært aðhald í því að efla fagstarf sitt og þjónustu – öllum börnum til hagsbóta.

Starfandi grunnskólar Hjallastefnunnar eru eftirfarandi, skráðir í tímaröð:

- **Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ**, stofnaður árið 2003. Skólastjóri er Ragnhildur Ólafsdóttir, í skólanum er 191 nemandi og við hann starfa 37 einstaklingar.
- **Barnaskólinn í Hafnarfirði**, stofnaður árið 2006. Skólastjóri er Hildur Sæbjörg Jónsdóttir, í skólanum eru 124 nemendur og við hann starfa 19 einstaklingar.
- **Barnaskólinn í Reykjavík**, stofnaður árið 2008. Skólastjórar eru Íris Helga Baldursdóttir og Edda Huld Sigurðardóttir, í skólanum eru 216 nemendur og við hann starfa 40 einstaklingar.
- **Tálknafjarðarskóli**, leik- og grunnskóli, samningur gerður við Hjallastefnuna árið 2012. Skólastjóri er Helga Birna Berthelsen, í skólanum eru 68 nemendur og við hann starfa 18 einstaklingar.
- **Vífilsskóli í Garðabæ**, miðstig Barnaskólans í Garðabæ, gerður að sjálfstæðum skóla árið 2012. Skólastjóri Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir, í skólanum eru 75 nemendur og við hann starfa 22 einstaklingar.



Barnaskólinn í Garðabæ



Barnaskólinn í Hafnarfirði



Barnaskólinn í Reykjavík



Tálknafjarðarskóli



Vífilsskóli



LANDAKOTSSKÓLI

Nafn skóla: Landakotsskóli

Rekstraraðili: Landakotsskóli ses.

Stofnár skólans: 1896

Gildi/einkunnarorð skólans: *Menning – sköpun – metnaður*

Skólastjóri er: Ingibjörg Jóhannsdóttir

Heimasíða: www.landakotsskoli.is

Aðili að SSSK: Frá stofnun 2005



Landakotsskóli er einn elsti starfandi skóli landsins, stofnaður árið 1896 af kaþólsku trúboðsstofnuninni í Landakoti. Tveir nemendur voru í skólanum í upphafi en hálfu ári síðar voru þeir orðnir 11. Í dag eru nemendur 160. Skólinn var fram til ársins 2005 rekinn af kaþólsku kirkjunni en í dag er hann rekinn sem sjálfseignarstofnun.

Nemendur skólans eru flestir búsettir í Reykjavík en aðrir koma frá nágrannasveitarfélögum. Nemendur eru frá mörgum þjóðlöndum og gefur það skólanum fjölmennningarlegt yfirbragð.

Skólinn starfar samkvæmt grunnskólalögum og er kennslan í samræmi við aðalnámskrá. Skólinn hefur nýtt sér svigrúm til að taka upp ýmsa nýbreytni í skipulagi skólastarfsins m.a. með fleiri tímum í íslensku og stærðfræði en námskrá kveður á um, með stóru aukinni tungumálakennslu, þannig að strax í fimm ára bekk byrjar ensku- og frönskukennsla og á miðstigi byrja nemendur svo að læra dönsku. Einnig er lögð mikil áhersla á list- og verkgreinar og heimspekinám frá og með 5. bekk.

Fagleg markmið Landakotsskóla eru að bjóða upp á góða og víðtæka grunnskólamenntun, auka fjölbreytni námsins eins og kostur er og að skólinn hafi á að skipa framúrskarandi kennurum og öðru starfsfólki. Markmið skólans er að vera ætíð í fremstu röð og búa nemendur eins vel og kostur er undir framhaldsskólanám, leiki og störf framtíðarinnar og þátttöku í fjölmenningsarsamfélagi.

Almenn markmið miðast við að ávallt séu gerðar raunhæfar kröfur til hvers og eins nemanda og að í skólanum ríki ákveðinn og jákvæður agi. Kröfur til nemenda mótast af getu þeirra og miðast við að þeim líði vel í skólanum. Reynt er að greina og virkja sérstaka hæfileika nemenda. Smæð skólans er kostur sem gerir það mögulegt að styðja betur við þá nemendur sem þess þurfa og nemendur af erlendum uppruna fá sérstakan stuðning við íslenskunám.



REYKJAVÍK INTERNATIONAL SCHOOL

Nafn skóla: Reykjavík International School

Rekstraraðili: Sjálfseignarstofnunin Reykjavík International School

Stofnár skólans: 2014

Gildi/einkunnarorð skólans: *Fjölbreytni – vísýni*

– *virðing – heilindi – hvatning – sköpun – heilbrigði*

Skólastjóri er: Laurie Anne Berg

Heimasíða: www.reykjavikinternationalschool.is eða www.school.is

Aðili að SSSK frá: 2014



Reykjavík International School hóf göngu sína haustið 2014 í Dyrhömrum 9, 112 Reykjavík og er enn á sínu fyrsta skólaári.

Reykjavík International School er sjálfseignarstofnun, stofnendur eru níu: Áslaug Björgvinsdóttir, Ásta Valdís Roth, Elín Eiríksdóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Ioulia Stepanova, Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Stefanía Ingibjörg Sverrisdóttir, Þórdís Kristín Pétursdóttir og Þórhildur Ósk Halldórsdóttir. Sjö manna stjórn sjálfseignarstofnunarinnar gætir hagsmuna hennar.

Reykjavík International School leggur áherslu á fjölbreytileika og menningu með það markmið að þjóna þörfum fjölþjóðasamfélagsins á Íslandi með afburðagæðum í menntun. Reykjavík International School er mikill fengur fyrir fjöltyngdar fjölskyldur og styrkur fyrir þau alþjóðlegu fyrirtæki sem starfa hérlandis, erlendar stjórnsýslustofnanir, íslenskar fjölskyldur sem snúa aftur heim eftir dvöl erlendis og þær fjölskyldur sem velja alþjóðlega menntun fyrir börnin sín. Rík áhersla er lögð á samvinnu við alþjóðlegt samfélag á Íslandi sem og mikilvægi foreldrasamvinnu.

Reykjavík International School fagnar fjölþjóðleika og í samræmi við það eru markmið skólans að bjóða alþjóðlega menntun á Íslandi fyrir íslenska og erlenda nemendur. Þetta markmið nálgast skólinn á grundvelli eftirfarandi einkunnarorða:

Fjölbreytni – vísýni – virðing – heilindi – hvatning – sköpun – heilbrigði.



Með þessi gildi að leiðarljósi hlúir Reykjavík International School að gagnrýnni og skapandi hugsun og úrlausnarhæfni, sem og uppbyggilegum samræðum um lýðræði og samfélagsleg málefni.

Í samræmi við hin sjö einkunnarorð skólans er merki skólans sett saman úr Tangram, hinni ævafornu kínversku þraut sem samanstandur af sjö einingum, gert til að reyna á skapandi hugsun og úrlausnir. Í merkinu er leikur og gleði og þar endurspeglast fjölbreytileiki alþjóðlegs skóla. Einingunum má einnig má raða upp á ýmsa vegu og geta þær þannig t.d. vísað til gilda skólans eða námsgreina.

Í upphafi skólaárs voru nemendur við skólann 24 en þeim hefur fjölgað um 10 og teljast nú 34 frá 13 þjóðlöndum og eru 12 tungumál töluð af nemendum skólans.

SKÓLI ÍSAKS JÓNSSONAR

Nafn skóla: Skóli Ísaks Jónssonar
Rekstraraðili: Sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri
Stofnár skólans: 1926
Gildi/einkunnarorð skólans: *Starf, háttvísi, þroski, hamingja*
Skólastjóri er: Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Heimasíða: www.isaksskoli.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Skóli Ísaks Jónssonar er byggður á brautryðjandastarfi stofnanda skólans, Ísaks Jónssonar. Ísak fæddist árið 1898 á Gilsárteigi í Eiðarþinghá, Suður-Múlasýslu. Hann tók búnaðarpróf 1919, nam við Alþýðuskólann á Eiðum 1920-21 og lauk síðan kennaraprófi árið 1924. Tveimur árum síðar stofnaði Ísak einkaskóla fyrir forskólabörn.



Árið 1946 var Ísaksskóli gerður að sjálfseignarstofnun til þess að treysta rekstrarfyrirkomulag, enda hafði starfsemin aukist jafnt og þétt. Árið 1954 hófst skólahald í nýbyggingu skólans í Bólstaðarhlíð, þar sem skólinn starfar enn. Árið 1972 var stofnuð fimm ára deild við skólann sem brúaði bilið milli leik- og grunnskóla auk þess sem boðið var upp á nám í fyrsta til þriðja bekk grunnskólans. Byggt var við skólann árið 1990 og við það fjölgaði nemendum og fjölbreytni í kennsluháttum jókst. Árið 2007 var í fyrsta sinn boðið upp á nám í fjórða bekk og þar með var skólinn orðinn fyrir börn á aldrinum fimm til níu ára. Árið 2011 var listasmiðju bætt við á lóð skólans þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Skólinn var þrísætinn í marga áratugi, þá tvísætinn og einsetinn frá árinu 1999. Skólaárið 2014-2015 eru rúmlega 240 nemendur í skólanum og þar af 80 fimm ára börn.

Frá upphafi lagði Ísak áherslu á að bæta menntun yngstu nemendanna. Í störfum sínum við Ísaksskóla og síðar einnig við Kennaraskólann, þar sem hann starfaði frá 1932, vann Ísak frumkvöðlastarf. Hann þróaði nýjar kennsluaðferðir, m.a. hljóðaaðferð í lestri, og lagði sérstaka áherslu á mannærkt og virðingu fyrir hverjum nemanda, þroska hans, þörfum og hæfileikum. Áttahagafræði var í hávegum höfð og nemendum kennt að sýna kurteisi, virðingu og umburðarlyndi. Það ber framsýni Ísaks gott vitni hversu stórt hlutverk hann taldi að leikir og söngur ættu að hafa í skólastarfinu.

Nemendur og kennarar Ísaksskóla vinna í anda hugmynda Ísaks Jónssonar. Stefna skólans er að leiða nemendur sína til þroska og sjálfsöryggis með hlýju og festu og þjálfa með þeim námsleikni og námsgleði sem styrkir þá í að takast á við verkefni framtíðar í lýðræðislegu samfélagi. Einkunnarorðin sem Ísak valdi skólanum standast tímans tönn: *Starf, háttvísi, þroski, hamingja.*



SUÐURHLÍÐARSKÓLI

Nafn skóla: Suðurhlíðarskóli

Rekstraraðili: Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi

Stofnár skólans: 1990

Gildi/einkunnarorð skólans: *Kristinn, skapandi, hvetjandi skóli*

Skólastjóri er: Frode F. Jakobsen

Heimasíða: www.sudurhlidarskoli.is



Suðurhlíðarskóli er grunnskóli fyrsta til tíunda bekkjar og stendur við fjöruna í Fossvoginum, skammt frá Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Í skólanum er pláss fyrir 60+ nemendur. Suðurhlíðarskóli fagnar á þessu ári 25 ára afmælisári en hann er einn af 7.804 skólum sem aðventistar starfrækja víða um heim. Sýn skólans er að veita nemendum tækifæri til að þroskast í fjölbreyttu og skapandi námsumhverfi. Markmiðið er að nemendur verði sjálfstæðir og skapandi, virkir, ábyrgir og heilsteypfir einstaklingar sem geta tekist á við síbreytilegt nútímasamfélag. Í skólanum er samkensla en gætt er að stærð nemendahópanna. Leitast er við að sníða verkefni að þörfum hvers og eins. Suðurhlíðarskóli er kristinn skóli sem hefur það að leiðarljósi að skapa heildrænt umhverfi þar sem nemendur geta þroskast andlega, líkamlega og vitsmunalega. Einu sinni í viku hefst dagurinn með morgunbæn á sal og eru foreldrar hvattir til að sækja þessa stund með börnunum sínum. Aðra daga (mismunandi eftir hópum) hefst dagurinn með hreyfingu frá hálfniú til níu, en þetta er liður í því að efla vellíðan og einbeitingu. Vinaskóli Suðurhlíðarskóla er leikskólinn Vinagarður á Holtavegi, sem KFUM/K starfrækir.

Árið 1905 stofnaði söfnuður Sjöunda dags aðventista barnaskóla hér í Reykjavík. Gekk á ýmsu um rekstur skólans fyrstu árin en frá árinu 1942 var hann starfræktur óslitið til ársins 1967 í safnaðarheimili Aðventkirkjunnar, Ingólfsstræti 19.

Lagðist hann þá niður um nokkurra ára skeið vegna aðstöðuleysis en árið 1976 var hafist handa á ný í húsnæði safnaðarins í Bauganesi 13 í Skerjafirði. Átti skólinn aldrei að vera þar nema eitt til tvö ár því til stóð að byggja skólahúsnæði á lóð þeirri sem söfnuðurinn hafði fengið á mótum Sogavegar og Réttarholtsvegar. Af því varð þó aldrei vegna óánægju með staðsetningu lóðarinnar og skólinn starfaði áfram í Bauganesinu til ársins 1988 þegar hafist var handa við byggingu núverandi húsnæðis skólans í Suðurhlíð 36.

Haustið 1990 tók skólinn síðan til starfa í núverandi húsnæði og var þá ákveðið að nemendur ættu kost á að ljúka grunnskólaprófi frá skólanum svo nú býður hann upp á kennslu allra árganga grunnskólans en vegna fámennis er samkensla í öllum bekkjardeildum. Eftir þessa lengingu var ekki lengur hægt að kalla þetta „Barnaskóla aðventista“ svo ákveðið var að skólinn skyldi bera nafn götunnar sem hann stendur við og kallast Suðurhlíðarskóli.



TJARNARSKÓLI

Nafn skóla: Tjarnarskóli
Rekstraraðili: Tjarnarskóli ehf
Stofnár skólans: 1985
Gildi/einkunnarorð skólans: *Allir eru einstakir*
Tjarnarskóli – lítill skóli með stórt hjarta
Skólastjóri er: Margrét Theodórsdóttir
Heimasíða: www.tjarnarskoli.is
Aðili að SSSK frá: 2005



Tjarnarskóli var stofnaður árið 1985 af Margréti Theodórsdóttur og Maríu Solveigu Héðinsdóttur. Skólinn var fyrstu tvö árin í Miðbæjarskólanum við Fríkirkjuveg en fluttist síðan haustið 1987 inn í gamla Búnaðarfélagshúsið við Tjörmina, Lækjargötu 14b og hefur verið starfræktur þar síðan. Margrét og María ráku skólann saman til ársins 1999 en þá lét María af störfum. Reksturinn hefur síðan verið í höndum Margrétar. Í skólanum eru nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekk í þremur bekkjardeildum. Í skólanum eru að jafnaði á milli 40 og 50 nemendur.


Mikil fjölmiðlaumfjöllun átti sér stað í kjölfar stofnunar skólans, aðallega neikvæð. Flestum þótti neikvætt skref að svonefndur einkaskóli væri stofnaður í Reykjavík. Helstu rökin voru þau að rekstrarfyrirkomulagið, sem hafði í för með sér innheimtu skólagjalda, hlyti að ýta undir mismunun, skólinn yrði fyrst og fremst fyrir ríkra manna börn. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og viðhorfsbreyting átt sér stað í jákvæða átt en árið 2014-2015 er þrítugasta starfsár skólans. Skólinn starfar nú í sátt við ytra skólaumhverfi og raddir eins og heyrðust í upphafi skólastarfsins heyrast varla lengur.

Allt frá stofnun skólans hefur starfið tekið umtalsverðum breytingum. Leiðarljósið að hafa einstaklinginn í fyrirrúmi hefur ávallt verið mjög sýnilegt. Kennarahópurinn hefur sett sinn svip á starfið hverju sinni en það hefur verið mikil gæfa að góðir starfsmenn hafa leitt skólastarfið. Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannþækt. Kappkostað er að hvetja og styrkja nemendur á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Einnig er lögð rækt við að byggja á styrkleika hvers og eins og mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Lögð er áhersla á að styrkja alla þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu í samvinnu við foreldra/forráðamenn.



WALDORFSKÓLINN LÆKJARBOTNUM

Nafn skóla: Waldorfskólinn Lækjarbotnum
Rekstraraðili: Félagið Waldorfskólinn Lækjarbotnum
Stofnár skólans: 1991
Gildi /einkunnarorð skólans: *Hugur - Hjarta - Hönd*
Skólastjóri er: Ingibjörg Ósk Sigurjónsdóttir
Heimasíða: www.waldorfskolinn.is
Aðili að SSSK frá: 2007



Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Waldorfskólinn Lækjarbotnum hóf starfsemi sína í Kópaseli í Lækjarbotnum haustið 1991. Þá byrjuðu fjögur börn í 1. - 2. bekk og síðan hefur nýr árgangur hafið skólagöngu á hverju hausti. Veturinn 2014 – 2015, sem er 24. starfsár skólans, eru 74 nemendur í 1. - 10. bekk í fimm bekkjardeildum.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum er sjálfstætt starfandi skóli þar sem starfsfólk skólans er rekstraraðili og ber sameiginlega ábyrgð á rekstri skólans og innra starfi. Foreldrar taka virkan þátt í skólastarfinu og stuðla að uppbyggingu skólans á margvíslegan hátt.

Upphafið að stofnun Waldorf-leikskóla og -skóla í Lækjarbotnum má rekja til þess kíms sem Sesselja Sigmundsdóttir sáði þegar hún stofnaði barnaheimilið Sólheima í Grímsnesi árið 1930. Starf Sesselju byggði á Waldorffuppeldisfræðinni og mannspeki Rudolfs Steiner. Það var hópur fólks, sem flest hafði starfað á Sólheimum, sem undirbjó stofnun skólans í Lækjarbotnum. Kópavogsbær lét starfseminni í té landsvæði og húsnaði sem var á sínum tíma skíðasvæði og skíðaskáli en síðar sumarbúðir og leikskóli á vegum Kópavogsbæjar.



Markmið Waldorfskólans er fyrst og síðast að styrkja hvern einstakling til þess að vera í, eða komast í góð tengsl við sjálfan sig og til þess að verða heilsteypt og sjálfstæð manneskja sem er í stakk búin að taka ábyrgð á tilveru sinni sem fullorðinn einstaklingur.

Til að ná þessu markmiði leggur Waldorffuppeldisfræðin áherslu á að hlúa jafnt að öllum hliðum mannlegs þroska sem við skilgreinum sem vitsmunþroska, tilfinningaþroska og líkamlegan/viljaþroska. Þetta birtist m.a. í uppbyggingu kennslustunda í bóklegum fögum og í áherslum skólans á listrænar og verklegar námsgreinar.

Í Waldorfskólum er litið svo á að starf kennarans sé af listrænum toga; að undirbúa kennslustund og bera námsefnið á borð fyrir nemendur er list sem krefst ákveðins rýmis eða frelsis. Kennsluhættir Waldorfskólans byggja á því að kennarinn mæti nemendum sínum í lifandi og skapandi ferli.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nafn skóla: Myndlistaskólinn í Reykjavík
Rekstraraðili: Skólafélag Myndlistaskólans í Reykjavík
Stofnár skólans: 1947
Skólastjóri er: Áslaug Thorlacius
Heimasíða: www.myndlistaskolinn.is




Myndlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður af hópi myndlistarmanna árið 1947. Fyrstu árin var skólinn til húsa í Ásmundarsal við Freyjugötu. Á þeim tíma voru nemendur aðallega börn og unglingar þótt einnig hafi nokkuð af fullorðnum nemendum sótt námskeið skólans. Þegar skólinn flutti að Laugavegi 118 jókst nemendafjöldinn umtalsvert og fjölgaði þá til muna nemendum í fullorðinsfræðslu. Skólinn flutti starfsemi sína aftur í ársbyrjun 1981 og var í góðu húsnaði við Tryggvagötu 15 allt til ársins 1998. Þá um sumarið var skólinn enn fluttur og í október 1998 hóf hann starfsemi í eigin húsnaði í JL-húsinu, Hringbraut 121, þar sem hann er til húsa í dag.

Frá því að skipulag framhaldsskólans tók að færast yfir í áfangakerfi í auknum mæli hafa grunnáfangar Myndlistaskólans verið metnir til eininga innan framhaldsskólans og hefur fjöldi nemenda á höfuðborgarsvæðinu notfært sér þann kost. Um síðustu aldamót hóf fyrsta dagskóladeildin göngu sína, eins árs grunnnám í myndlist til undirbúnings fyrir nám við listaháskóla. Síðan þá hefur dagskólinn eflst mjög og í dag starfrækir skólinn, auk fornámsársins, tveggja ára listnámsbraut til stúdentsprófs og þrjár tveggja ára starfstengdar námsbrautir fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi af listnámsbraut – í keramik, teikningu og textíl.



Myndlistaskólinn hefur átt því láni að fagna að hafa á að skipa kennurum úr hópi hæfustu starfandi myndlistarmanna á hverjum tíma, listamenn og hönnuði sem sjá sjónlistir sem mikilvægan uppeldislegan og félagslegan þátt í samfélaginu. Bókasafn skólans varðveitir sögu skólans í máli og myndum.



[illegible]

I takt við tímann

Ráðstefna SSSK 15. mars 2013
Hilton Reykjavík Nordica

Ráðgjafar og leigjendur hljóðföng, góðgætt þarft aðgæta þess.

15:00-15:10  **Seining**
Sveigja Anna Guðjónsdóttir Samúel SSSK

15:10-15:15  **Arvgr**
Hanna Þorvaldsdóttir Mennta- og vinnugæmslungráðgjafi

15:15-15:55  **„Þreyttir tímar, gera nýjar kröfur. Um nauðsyn þess að hugsa menntun upp á nýtt.“**
Hörður Árnason, Mennta- og vinnugæmslungráðgjafi

15:50-16:10  **Tónlist frá Landokstökla**

16:10-16:40  **Kaffihé**

16:40-17:20  **Teach for India**
Dr. S. Sankaranarayanan

17:20-17:40  **„Forskipt til framtíðar“**
Rafal Schindler, Forseti Mennta- og vinnugæmslungráðgjafa

17:40-18:00  **„Gleði og fjör“**
Ólafur Magnússon, Forseti Mennta- og vinnugæmslungráðgjafa

 **Árshátíðin:**
Að 19.00: Forseti Mennta- og vinnugæmslungráðgjafa
Að 20.00: Húsnáð

Samgætt, hvern þessu á milli
Mennta- og vinnugæmslungráðgjafa
Hjóna- og vinnugæmslungráðgjafa

mennta- og vinnugæmslungráðgjafa

Gleði í skólaskarfi



Ráðstefna á vegum Samtaka sjálfstæðra skóla heildin á Hótel Selfossi laugardaginn, 19. apríl 2008, kl. 13:00 til 17:00.

13:00 Setning: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðgjafi

13:10 Ávörp: Margrét María Sigurðardóttir, umbúðastofa barna

13:20 „Vindurinn brenur“: Dr. Fanny Jónsdóttir

14:00 Hú - hneyfing

14:10 „Táknaðin - hómur og hlýgt viðmál“. Edda Björgvinsdóttir, leikari

14:20 Kaffisér

14:30 F-skólamen: skólamen. Valgerður Ammannson fyrrverandi skóladæmugeng og núverandi forseti

14:40 „Hátturinn lengir lífið“. Bjarni Gunnar Jónsdóttir skólastjóri og hátturjafi

15:00 Ráðstöfnun: Margrét Pála Ólafsdóttir, formkur Samtaka sjálfstæðra skóla

Hátturkaffi er kr. 6.900 af fólk skólar þar fyrir 17. apríl en 8.000 af fólk skólar þar við innngöngu. Móttaka á skólingum er hjá Axel. Netf.: ssk@ssk.is

Ráðstöfnunartími: Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri í Fæskisdeild





Menntamálaáætlunir

Samtök sjálfstæðra skóla

Fæskisdeild

SKÓLAR.ÍS

Sýnileiki samtakanna hefur orðið miklu meiri með árunum; ráðstefnur, blaðaumfjöllun, áhrif í opinberri stjórnsýslu. SSSK á nú fulltrúa í opinberum nefndum, ályktanir hafa verið sendar og greinar skrifaðar í blöð. Ljóst er að samtakamáttur hefur skilað gríðarlegum árangri. Almenn viðurkenning hagsmunaaðila á tilvist SSSK sem raunverulegs afls er orðin staðreynd.

*eða af hverju tók ég frumkvæðið að því að stofna samtökin
Margrét Pála Ólafsdóttir*

Samfélagsbreytingar í skólarekstri

Árið 2005, stofnár Samtaka sjálfstæðra skóla, markaði tímamót í lífi mínu og enn fremur í tilvist Hjallastefnunnar ehf., lítils fyrirtækis sem ég hafði stofnað um aldamótin til að halda utan um rekstur leikskólans Hjalla í Hafnarfirði. Þar höfðum við starfsmannahópurinn þróað hugmyndir okkar um ýmsar nýjungar í leikskólastarfi sem hafði leiðst áfram yfir í leikskólalíkan sem þó nokkrir leikskólar á landinu höfðu gert að sínu. Erlendir gestir höfðu komið til okkar í flokkum og annars staðar á Norðurlöndunum var farið að tala um Hjalli-modellen. Sem sagt; Hjallastefnan sem skólaaðferð hafði þróast í 10 ár áður en undirrituð tók þá ákvörðun að vilja stjórna starfsemi sjálf og leggja af stað í sjálfstæðan rekstur. Eftir á að hyggja voru forsendur þeirrar ákvörðunar einkum tvær. Annars vegar var löngun bæði okkar og enn meira foreldranna til að hafa viðtækari möguleika í þróun stefnunnar með stækkun leikskólans og svo áframhaldi á grunnskólastigi – tækifæri sem við höfðum reynt að vinna fylgi innan kerfis en án nokkurs árangurs satt að segja. Hins vegar máttu allir vita, sem um það hirtu, að víða í Evrópu og meira að segja í ákveðnum mæli á Norðurlöndunum var farið að bjóða skólarekstur út til einkaaðila. Sú tilheinging hlaut að koma hingað líka og ég var ekki tilbúin að skipta um húsbændur, fara frá hinu opinbera til einhvers fyrirtækis sem ætlaði að græða á vinnunni okkar, kvennanna sem áfram ættu að bera hitann og þungann í hinu erfiða leikskólastarfi. Sem gamaldags vinstrikona og aktívisti í grasrótinni vildi ég sjá að við konur á leikskólasviðinu myndum fremur dengja okkur í dansinn og taka sjálfar við rekstrinum.

Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir; að Hjallastefnan væri að kafa innan kerfis sem ekki heimilaði okkur eðlilegan vöxt og þróun svo og að erlendis hefðu „strákafyrirtæki“ þorað að fara í skólarekstur, var skrefið sársaukafullt. Lífssýn mín snerist um samvinnu, jafnrétti og jöfn tækifæri og fram að þessum tíma hafði ég aldrei hugleitt að sjálfstæður skólarekstur gæti einhvern veginn verið hluti þeirra hugsjóna. En lífssýn mín snerist líka um frelsi og jafnrétti okkar allra til

hugmynda og framkvæmda, þ.e. svo fremi sem slíkt frelsi skaðaði engan. Í slíku frelsislífi ganga vald og ábyrgð þeirra sem vinna verkin saman hönd í hönd. Slíkt var bara ekki veruleikinn innan hins opinbera kerfis þar sem við, yfirmenn skólanna, vorum með embættismenn yfir okkur og þar yfir pólitískar nefndir og stjórnir og allt upp í æðsta yfirvald sveitarfélagsins. Þegar ég vel sjálfstæði sem rekstrarform hafði ég 18 ára reynslu sem yfirmaður leikskóla og fannst miðstýringin stöðugt aukast og fátt minnti orðið á það samfélag leikskólastjóra sem ég kynntist í upphafi; samfélag sem réð hreint öllu sem það vildi ráða og byggði í reynd upp leikskólakerfi landsins á fátæglegu glæsilegan hátt.



Vinnukonur kerfisins

Með aukinni miðstýringu og vel mönnum skólaskrifstofum fannst mér vald skólanna sjálfra vera á stöðugu undanhaldi og þegar ég gaumgæfði þróunina frá fyrstu árum mínum sem stjórnandi leikskóla í borginni varð augljóst að breytingarnar voru ekki hugarburður. Ekki aðeins hafði miðstýring leikskólanna aukist, heldur höfðu allir karlarnir sem störfuðu hjá borginni eða öðrum sveitarfélögum á sama tíma forðað sér og tekið verkin sín með. Áhaldahúsunum var lokað og fyrrverandi starfsmenn þeirra störfuðu sjálfstætt við sömu verkin og fyrr; þeir réðu sér bara sjálfir á gröfunum og malbikunartækjunum eða með smíðsbeltið um mittið. Öll sveitarfélög voru hætt að reka atvinnustarfsemi fyrir íbúana og nöfn eins og Bæjarútgerð Reykjavíkur eru löngu komin í glatkistuna. Einu risakerfin sem enn voru rekin af því opinbera voru gömlu kvennastörfin. Innan leikskólakerfis og grunnskólakerfis og svo auðvitað í heilbrigðiskerfinu voru konur að miklum meirihluta starfandi „á gólfu“ – hvað sem það nú þýðir að kenna þá, sem vinna verkin og hafa minnstu völdin, við gólf. Trúlega voru valdhafarnir á efri hæðunum.

Auðvitað eru karlar líka innan þessara stóru kvennastofnana en þá er gjarnan fremur að finna í yfirmannsstöðunum eða þar sem stefnumörkun og ákvarðanataka fer fram. Þar með leyfði ég mér að kalla okkur sem vinna gömlu kvennastörfin vinnukonur kerfisins. Siðprúðar og dyggðugar og endalaust trúandi því að hið opinbera væri eini aðilinn sem gæti stýrt verkum okkar. Rétt eins og formæður okkar og forfeður bjuggu við þá heims-sýn að enginn gæti selt Íslendingum mjöl nema undir stjórn, stefnumörkun og vökulu augnaráði Danakonungs hverju sinni.

Niðurstaða mín var að hið miskunnarlausa kynjamisrétti réði för með kvennastörfin sem ennþá væru geymd innan risavaxinna kerfa frá síðustu og næstsíðustu öld meðan karlastörfin hefðu tekið sér vald og ábyrgð í eigin lífi. Hvort tveggja var jafnbölvæð; misréttið og gömlu kerfin sem alls staðar voru og eru að hrynja. Engin ein risalausn eða „grand theory“ hafði dugað til að leysa líf okkar fram til þessa og því hlyti að fara að molna úr öllum kerfum. Hvorki opinber rekstur né sjálfstæður rekstur einn og sér myndi því leysa vanda nútímans, hvað þá framtíðarinnar.

Kynjajafnrétti og fjölbreytni í skólalausnum varð því sú niðurstaða sem sætti mig við ákvörðunina um að stíga út fyrir opinberu dyrnar og leita möguleika úti á akrinum.

Þjónustusamningar leikskóla –ekki einkavæðing

Fyrsti samningur Hjallastefnunnar um leikskólarekstur var gerður í Hafnarfirði árið 1999 og við tókum síðan við rekstrinum í maí 2000. Árið 1999 hafði allt farið í samningaviðræður og uppsetningu á þjónustusamningi enda ekki fyrirmynd að slíku á þeim tíma. Aðeins örfáir leikskólar voru á þessum tíma sjálfstætt starfandi í Reykjavík og í nokkrum öðrum sveitarfélögum en tekjuminni og því lakar settir en leikskólar sveitarfélaganna.

Markmið okkar Hjallastefnufólks í samningagerðinni voru skýr. Við vildum einfaldlega fá sama fjármagn og sveitarfélagið sjálft hefði þurft að reiða fram vegna rekstursins vegna skóla af sömu stærð með sömu aldursamsetningu barnanna miðað við sambærilega leikskóla í Hafnarfirði. Þar með þyrftu foreldrar aldrei að greiða hærri upphæðir en aðrir foreldrar í bænum

fyrir leikskólann sinn – valið væri frjálst óháð tekjum fjölskyldna. Einkavæðingu í frjálsum skólarekstri að amerískri fyrirmynd, þar sem efnahagur foreldra myndi ráða inntöku í leik- og grunnskóla, þurfti aldrei að ræða, þvert á móti var horft til Evrópu þar sem nýir straumar í skólamálum hafa oftast verið bornir fram af sjálfstæðum aðilum sem hafa viljað koma hugmyndum og hugsjónum í framkvæmd og fengið til þess meira frelsi utan kerfis en innan þess, eðli málsins samkvæmt.

Þessi fyrsti þjónustusamningur á landinu byggðist því á fullu jafnræði fyrir sjálfstæðan leikskóla á við bæjarleikskóla fyrir alla hlutaðeigandi. Ein stærsta forsendan var tilvist svonefndra barngilda sem ég hafði lagt til í Hafnarfirði sem grunn að fjárframlagi til opinberu leikskólanna en auðvitað reyndust þau líka virka fyrir mánaðarleg framlög sjálfstætt starfandi leikskóla. Barngildin voru og eru einföld reikniregla sem tók tillit til aldurs og dvalartíma hvers barns á hverjum tíma og var samið um ákveðið framlag á hvert heilt barngildi út frá fyrrnefndum raunkostnaði við sambærilega leikskóla í firðinum.



Í samningnum var líka lögð áhersla á að sveitarfélagið legði til húsnæði eins og áður og hvorki leigugreiðslum né húsnæðisstyrk væri blandað í samninginn. Loks var markmið að halda sérkennslukostnaði utan við grunnfjárhæðina heldur yrði samið sérstaklega um úthlutaða sérkennslutíma eftir þörfum barnahópsins. Þetta atriði reyndist afar mikilvægt því að mikil sérkennsla eitt árið getur sett lítinn einyrkjaskóla á hliðina og það skapar hættu á að stjórnendur skólans reyni að ýta börnum með sérþarfir frá sér.

Síðar tókst að setja einnig inn reiknireglu fyrir hlutfall fagfólks á móti réttindalausis fólki innan hvers skóla til að tryggja að rekstraraðili gæti aldrei haft fjárhagslegan ávinning af því að hafa ekki fagfólk og var það lokaskrefið í fullu jafnræði opinberra skóla og sjálfstætt starfandi skóla hvað fjárframlög snerti.

Þessi atriði öll leystu jafnréttismál fyrir börn, foreldra, leikskólann sjálfan og sveitarfélagið. Hins vegar þurfti samninga af ýmsu tagi til að tryggja að starfsfólk héldi öllum sínum réttindum svo sem með tilvísunarsamningum við stéttarfélög og svo nýjum ráðningarsamningum. Flóknast varð að fá áframhaldandi aðild að lífeyrissjóði sveitarfélaga því samkvæmt yfirtökulögunum voru starfsmenn ekki lengur ráðnir hjá sveitarfélagi heldur einkaaðila. Loks náðist samkomulag á grundvelli þess að fjármagnið kæmi áfram frá sveitarfélaginu og að þjónustusamningur okkar við sveitarfélagið sýndi að um samvinnu væri að ræða og yfirtöku bæjarins ef eitthvað færi úrskeiðis. Sem sagt; allt annað en einkavæðing en vissulega nýtt og óvenjulegt form.

Þessi samningur varð síðan grunnurinn að leikskólasamningum um allt land þar sem byggt er á þessari einföldu jafnræðishugsjón og forsendum þessa fyrsta samnings.

Frá leikskólum yfir í grunnskóla

Eftir þriggja ára árangursríkan sjálfstæðan rekstur tveggja leikskóla fékk Hjallastefnan loks tækifæri til að stofna grunnskóla og uppfylla þar með áragamlan draum foreldra og kennara. Í Garðabæ höfðum við tekið við nýjum leikskóla árið 2001 eftir útboð þar sem margir buðu í reksturinn og í kjölfarið kynnt bæjaryfirvöldum hugmynd okkar um þróun á grunnskólastigi. Þar var bæjarstjóri Ásdís Halla Bragadóttir og hafði hún mikinn áhuga á bæði skólaþróun og að foreldrar hefðu val um skóla fyrir börnin sín án fjárhagslegra vandræða.

Hvergi voru til samningar fyrir grunnskóla á landinu þar sem þeir örfáu sjálfstætt starfandi grunnskólar sem til voru og allir í Reykjavík voru samningslausir, með mjög lág framlög frá opinberum aðilum og var mismunurinn brúaður með skólagjöldum. Sú leið hugnaðist hvorki Hjallastefnunni né Garðabæ og því var ákveðið að gera fyrstu tilraunina með sjálfstætt starfandi grunnskóla sem



fengi framlag með hverju barni samkvæmt meðaltalskostnaði þeirra grunnskóla sem bærinn rak sjálfur. Inni í samningnum var að Hjallastefnan myndi kosta húsnæði og annast alla sérkennslu rétt eins og bæjarskólarnir og var þar farin sama leið og hefð var fyrir hjá Reykjavíkurborg en þar voru allir sjálfstætt starfandi grunnskólar staðsettir á þeim tíma. Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar og Suðurhlíðarskóli voru allir í eigin húsnæði og töldum við þennan kost geta verið viðunandi sem jafnræðismódel fyrir hinn nýja grunnskóla.

Fljótt kom þó á daginn að margar breytur skekktu myndina og voru þessar helstar: Húsnæðiskostnaður var mishár eftir skólahúsnæði og þótt nýbyggingar hækk-uðu framlög til einhverra skóla voru aðrir í gömlu og löngu afskrifuðu húsnæði. Erfitt var líka að sjá hvort viðhaldskostnaður væri raunverulega inni í framlaginu og bæði íþróttahús og sundlaugaraðgengi kostaði skólana mismikið. Loks var augljóst að stórt húsnæði með fjölda barna var ódýrara á hvert barn þar sem dýrustu þættir byggingarinnar dreifast þar á marga en á fáa í litlu skólunum. Þetta átti t.d. við um mótuneytiseldhús, listgreinarými og raungreinastofur. Önnur en ekki síður mikilvæg breyta var sérkennslukostnaðurinn. Brátt kom í ljós að foreldrar barna með þörf fyrir sérúrræði treystu og sóttu meira í lítinn, sjálfstætt starfandi skóla en í stóran hverfisskóla. Því reyndist meðaltalsframlag til sérkennslu engan veginn virka. Þriðja breytan var að aðgengi sjálfstætt starfandi skóla reyndist minna að ýmsum bjargráðum hjá bænum en var hjá þeirra eigin skólum. Þar var t.d. ekkert aðgengi hins litla skóla að skólaakstri (strætisvagn og tómstundabíll) og ýmis kostnaður við síðdegisstarf, átak í tækniþúnaði og kostnaður við ýmsa viðburði fór eingöngu til bæjarskólanna.

Sjálfstæðir grunnskólar á heljarþröm

Stofnun grunnskólans og rekstur fyrsta árið reyndist okkur því gríðarlega erfiður og eftir á að hyggja má undrast að skólinn skyldi lifa af og ná fótfestu. Líðan mín var að við hefðum lagt farsælt leikskólastarf okkar undir til að taka næsta skref en í margfalt erfiðari vegferð en ég og samstarfsfólk mitt höfðum haft minnsta grun um í bjartsýni okkar. Þarna var hinn fjárhagslegi rekstur ásamt stofnkostnaði að buga okkur og í fyrsta sinn var hið nýja fyrirtæki skuldugt við bankastofnun. Gagnrýni kom úr mörgum áttum um að Hjallastefnan væri að hleypta „einkavæðingu“ og „nýfrjálshyggju“ inn í skólastarfið sem aldrei var nefnt við gerð þjónustusamninganna um leikskóla. Efasemdir komu síðan líka upp í eigin hópi um hvort við gætum raunverulega farið aðrar leiðir en hinn hefðbundni skóli og hvort við yrðum ekki að kenna sömu námsbækur og aðrir, hafa frímínútur og risaþróttahús eins og aðrir og láta börnin okkar bera þungar skólatöskur á hverjum degi til að sýna út á við að við værum eins og aðrir. Ótti og óöryggi urðu þannig erfiðustu andstæðingar okkar í uppbyggingu og þróun. Hvergi var stuðningur og hvergi var samvinnuvettvangur fyrir aðra í sömu sporum, nokkuð sem við höfðum lítið þekkt á leikskólastiginu þar sem Hjallastefnan átti sterkar rætur og við í samvinnu við sterkar konur sem höfðu sjálfar tekið skrefið á grundvelli þjónustusamninganna og ráku sína leikskóla sjálfar.

Samtöl og heimsóknir í hina örfáu sjálfstætt starfandi grunnskóla færðu mér heim sanninn um það að Hjallastefnan væri ekki ein á heljarþröm með reksturinn. Alls staðar voru framlög ófullnægjandi, hvergi voru þjónustusamningar og hvergi var skýr og tryggur starfsrammi fyrir þá aðila sem ráku grunnskóla sjálfir og þá voru nefndir einkaskólar. Allir voru að basla og annaðhvort lifðu þeir með stuðningi sterkra bakhjarla eins og Landakotsskólinn með kaþólska söfnuðinn sem rekstraraðila og Suðurlíðarskóli með söfnuð aðventista. Skóli Ísaks Jónssonar bjó enn að eigin húsnaði eftir 80 ára starf en nýjustu skólarnir, Tjarnarskóli og Waldorfskólar, höfðu fengið inni í húsnaði á vegum sveitarfélagsins þar sem þeir gátu hvorki stækkað og dafnað né heldur lifað af á lágmarksframlagi hins opinbera. Trúlega hafa sjálfstætt starfandi skólar aldrei verið nær því að gefast upp en á einmitt þessum árum.

Hugmynd og undirbúningur

Eina undantekningin í hinu harðbýla grunnskólalandi var þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Þór Vigfússon. Hann hringdi í mig bæði á meðan á undirbúningi fyrsta grunnskólans okkar stóð og svo áfram, allur af vilja gerður til að veita einhvern stuðning, og við áttum nokkra fundi. Þar ræddi ég í fyrsta sinn hugmynd um að stofna samtök allra þessara ólíku aðila sem kæmu að leik- og grunnskólarekstri á sjálfstæðum nótum. Vissulega væru aðstæður okkar ólíkar, pólitískar skoðanir ólíkar og örugglega ólíkar ástæður fyrir því vali að starfa sjálfstætt. Síðast en ekki síst væru allar okkar uppeldis- og menntastefnur ólíkar en allt þetta hlyti að geta verið sameiningaraflið okkar; fjölbreytileiki á öllum sviðum og fullkomin virðing fyrir öllum hugmyndum og leiðum.



Á stofnfundi SSSK

Morgunblaðið/ Jim Smart

Síðan myndum við skilgreina hvar sameiginleg verkefni lægju eins og tryggð fjárframlög, hlutskipti okkar í laga- og reglugerðarsetningu og samvinna við sveitarfélög og stéttarfélög. Samtökin gætu þar skapað skjól og stuðning til að hver skóli og hver rekstraraðili væri ekki á eigin báti heldur gæti samtakamáttur og samhjálp styrkt alla aðila.

Þór bauð strax fram aðstoð við að koma slíku í kring. Þar á meðal gætu ný samtök átt heimilisfesti hjá Viðskiptaráði ásamt ókeypis fundaraðstöðu fyrir stóra sem litla fundi. Jafnframt gæti lögfræðingur á þeirra vegum komið að allri undirbúningsvinnu eins og gerð samþykpta fyrir ný samtök og að fylgja samtökunum á leið.

Þarna heyrði ég í fyrsta sinni að fleiri hefðu hliðstæðar skoðanir. Þar á meðal hafði Lovísa Hallgrímsdóttir í eigin leikskóla (Regnboganum) átt samtöl við Önnu Magneu Hreinsdóttur, rekstraraðila tveggja leikskóla Kjarrsins, um samvinnu og eins höfðu leikskólastjórar sjálfstæðu leikskólanna í Reykjavík átt með sér fundi um sameiginleg mál. Ég afréð að heyra frá þeim báðum og bjóða þeim til skrafs og ráðagerða.

Fimmtudaginn 28. október 2004 klukkan tíu hittumst við síðan; fyrrnefndar Lovísa og Anna Magnea og höfðum einnig kallað til einn reyndasta leikskólastjóran á sjálfstæðum nótum, Sólveigu Einarsdóttur í Vinaminni. Fljótt var hópurinn stækkaður og Karen Valdimarsdóttir á leikskólanum Gimli kom inn auk þess sem við leituðum til grunnskólanna þar sem Margrét Theodórsdóttir í Tjarnarskóla og Edda Huld Sigurðardóttir í Skóla Ísaks Jónssonar mættu til leiks. Hópurinn var harðákveðinn í að taka höndum saman og fá sem flesta ef ekki alla aðra einyrkja í hópinn til að stofna samtök. Þar með hófst undirbúningur hópsins með lögfræðingi Viðskiptaráðs, Sigþrúði Ármann, og stofnfundur var síðan haldinn hinn 5. mars 2005 í fundarsal Hótel Sögu. Fulltrúar allra sjálfstætt starfandi skóla á þeim tíma voru viðstaddir ásamt öðrum góðum gestum og má þar nefna þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Okkur fannst við vera að breyta gangi sögunnar og verða í fyrsta sinni að afli sem gæti þrífist með sterkri sameiginlegri rödd sem mikilvæg viðbót við hið hefðbundna skólakerfi á forræði hins opinbera.

Hvað sameinar – hvað sundrar?

Grundvöllur hinna nýju samtaka var að sameina leik- og grunnskóla undir forystu fólks sem allt hafði kosið að starfa utan hins opinbera kerfis; fólks sem trúlegast hafði ekki rekist vel í þeim „samtökum“ sem sveitarfélögin eru í eðli sínu. Ekkert okkar var reiðubúið að láta ný samtök taka við að miðstýra okkur á einn eða annan hátt. Því var ljóst frá fyrstu stundu að þó svo að samtökin gætu unnið að samningum við sveitarfélög yrði slíkur samningur aðeins valkostur og að hver og einn væri aldrei bundinn af gjörningi samtakanna nema fullgilda hann sjálf eða sjálfur. Á sama hátt myndi vera gagnlegt að samtökin gerðu grunnsamninga við stéttarfélög sem hver skóli eða rekstraraðili gæti átt aðild að eða farið allt aðrar leiðir ef slíkt hentaði viðkomandi betur.

Við myndum líka láta samtökin vera í forsvari í vinnu með ráðuneytum og á opinberum vettvangi en hver aðili væri ávallt frjálss að eigin rödd og eigin afstöðu.

Baráttan fyrir sýnileika og viðurkenningu sem og baráttan fyrir réttlátum fjárframlögum var þó algjörlega sameiginleg og því í fyrirrúmi í öllu starfi. Eins var einróma afstaða allra að faglega yrðum við öll sterkari með því að tefla fram okkar ólíku uppeldis- og menntastefnum til að sýna að allt samfélagið myndi auðgast á fjölbreytninni. Þá skipti engu máli hvort trúfélög, einstaklingar eða fyrirtæki stæðu að rekstri og að Reggio-stefnan gæti starfað með virðingu með Hjalla-stefnunni rétt eins og Waldorfskólarnir væru samstiga hinum fornfræga Ísaksskóla eða fastmótuðum kennslu- háttum Landakotsskóla. Það á og ætti að vera rúm fyrir allt og alla og hver nýr aðili og allar nýjar hugmyndir á uppeldis- og menntasviði myndu styrkja alla heildina. Virðing okkar fyrir ólíkum leiðum gerði það að verkum að horft var til Evrópu og hvernig ólíkar uppeldisstefnur hafa einmitt þróast mest og best hjá sjálfstæðum aðilum sem hafa haft fullt frelsi um sín mál. Þar er samheitið „Independent Schools“ notað fyrir alla sem ekki eru reknir af hinu opinbera og völdum við heitið „sjálfstæðir skólar“ eftir miklar vangaveltur. Þegar kom að löggjafarvinnunni var hugtakið „sjálfstætt starfandi skólar“ notað til að mæta því að skólar hjá hinu opinbera gætu verið sjálfstæðir líka og var þeim rökum vel tekið af samtökunum sem einmitt höfðu notað skammstöfunina SSSK.

Loks var einhugur um að samkeppni væri ekki vandamál á milli skólanna þó svo að stöku sinnum væru tveir eða fleiri innan samtakanna að bjóða í sama verkefni hjá einu sveitarfélagi. Þar gilda hvort eð er skýrar leikreglur og niðurstaðan á engan hátt í hendi okkar innan samtakanna heldur ákvörðun sveitarfélagsins. Ef um samkeppni væri að ræða myndum við fyrst og fremst horfa til opinbera kerfisins sem okkar keppinautar.

Margrét Pála Ólafsdóttir

HORFT TIL UPPHAFSINS

Lovísa Hallgrímsdóttir

Ég hafði um skeið gengið með þann draum í hjartanu að hanna og byggja minn eigin leikskóla og bjóða upp á gott, skapandi leikskólastarf fyrir börn þar sem við sem störfuðum saman í skólanum réðum ferðinni. Líklega var það Selma Dóra Þorsteinsdóttir (1953-1993), formaður Fóstrufélags Íslands, sem sáði fyrsta fræinu í huga minn en hún fékk mig og fleiri til að skoða leikskólann Árborg sem borgin vildi þá láta í hendur leikskólakennurum til eigin reksturs með sama framlagi með hverju barni og veitt var með hverju barni í leikskólum borgarinnar. Ég fór vissulega og skoðaði Árborgina en á þessum árum var ég uppalandi með ábyrgð á börnunum mínum og þorði ekki og var ekki tilbúin til að leggja allt undir. Enginn leikskólakennari var tilbúinn í verkefnið og Selma var ekki glöð með okkur og sagði: „Stelpur, ætlið þið bara að láta strákana og stóru fyrirtækin taka að sér sjálfstæðan leikskóla-rekstur?“ Ég skil það enn betur í dag hvað Selma Dóra var framsýn kona.

Fyrsta tilraunin mín til sjálfstæðs reksturs var svo árið 1989 í Mosfellsbæ en þá fóru leikar þannig að ég fékk ekki það húsnæði sem ég sóttist eftir svo ekkert varð úr að sinni. Ég var þó komin það langt að hafa sótt um starfsleyfi frá menntamálaráðuneytinu, sem veitti starfsleyfin og stofnstyrki þá. Svandís Skúladóttir, deildarstjóri leikskólamála í ráðuneytinu, veitti mér góða ráðgjöf og ég leitaði til Páls Guðjónssonar, bæjarstjóra í Mosfellsbæ, og Björns Ásmundssonar, forstjóra



á Reykjalundi, um samstarf og fékk góðan hljómgrunn. Einnig hafði ég fengið til samstarfs Dóru Wilde, skólasystur mína úr Fósturskóla Íslands. Hugmyndin komst þó ekki lengra þá því húsið sem ég hugðist kaupa var eftir allt saman ekki til sölu. Ýmsir í Mosfellsbæ urðu til þess að bjóða fram húsnæði sem mér þótti þó ekki henta því ég hef alltaf lagt mikið upp úr að bjóða börnum upp á gott rými og fallegt umhverfi. Ég lagði drauminn á hilluna og hélt í raun að honum væri lokið því við tóku afar góð ár með góðu samstarfsfólki sem skólastjóri leikskóla í Mosfellsbæ.



Draumurinn endurvakinn

En draumurinn birtist mér af og til og ég fylgdist með hönnun leikskóla hér heima og víðar og sá að það hallaði æ meira á leikrými barna í leikskólum. Mig dreymdi um sjálfstæðan rekstur þar sem ég, ásamt völdum kennurum og samstarfsfólki, gæti þróað gott leikskólasamfélag í fallegu húsnæði og umhverfi. Ég skrifaði leikskólanefnd Reykjavíkur (Dagvist barna) bréf og spurðist fyrir um hvort hægt væri og þá hvernig það gengi fyrir sig að fá rekstrarleyfi og lóð í borginni. Í kjölfarið hitti ég Kristínu Blöndal, formann nefndarinnar, og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra og er skemmst frá að segja að ég fékk bæði samþykki og byr í vængina frá öllum fulltrúum borgarinnar sem ég hitti eða leitaði til. Bóndinn minn, hann Ámundi Játvarðsson, var til í að styðja mig og koma með í þetta verkefni og leggja allt sem við áttum undir enda trúðum við bæði á að þetta tækist. Það leiddi aftur til þess að við keyptum lóð í Bleikjukvísl 10 í Ártúns-holti. Lóðin var í skipulagi borgarinnar leikskólalóð sem borgin hafði ekki nýtt. Bankarnir sem við leituðum til í upphafi höfnuðu lánaþyrngreiðslu vegna byggingar leikskóla og sáu ekkert vit í sjálfstætt reknum leikskóla. Það var svo ungur útibússtjóri Íslandsbanka í Mosfellsbæ, Marteinn Guðgeirsson, sem hreifst af hugmyndinni og trúði á að mér tækist bæði að reka góðan leikskóla og standa í skilum enda þekkti hann til starfa minna

sem leikskólastjóri í Mosfellsbæ. Í framhaldinu tók við hönnunarvinna og að teikna skólahúsið en ég hafði áður leitað til frábærs manns, Sigurðar Guðmundssonar sem rak teiknistofuna Háaleiti, um samstarf við hönnun og teikningu hússins. Ég lagði til uppeldisfræðilegu hugmyndirnar og Sigurður teiknaði og útfærði hugmyndir okkar beggja. Það voru þrjú markmið sem ég setti mér í upphafi vegna hönnunar hússins:

1. Að leik- og kennslurými nýttist sem best á deildum barnanna
2. Að skólinn væri bjartur og flæðandi
3. Að húsnaðið væri fallegt og aðlaðandi fyrir börnin

Svo hitti ég nokkra frumkvöðla

Við Sigurður hittumst oft og mátuðum hugmyndir okkar og þróuðum. Þá má nefna að sérstaklega var horft til hljóðvistar í húsinu og er aukahljóðdempun í veggjum og sérstakar hljóðdempunarplötur í öllum loftum og hiti í gólfum, hvorugt var algengt þá. Ámundi hélt svo í alla spotta og var vakinn og sofinn yfir byggingar- og lóðarframkvæmdum. Niðurstaðan varð það skólahús sem leikskólinn starfar nú í og við erum afar hreykin af. Frá fyrstu hugmyndum mínum um sjálfstæðan rekstur var ég ákveðin í nafni skólans og fékk hann heitið Regnboginn. Starfsemin hófst formlega 3. mars 2003.

Undir lok byggingartímans var ég líka að skipuleggja áherslurnar og starfið og reyna að fá betri botn í rekstrarumhverfið enda þótt ég væri þá komin með rekstrarleyfi og loforð um að borgin greiddi niður plássin fyrir sína skattgreiðendur, þá sem lögheimili hefðu í borginni. Ég hitti líka nær alla sem þá voru með leikskóla í sjálfstæðum rekstri og varð nokkuð um, því margir voru hreinlega að kikna í sínum rekstri því niðurgreiðslurnar sem foreldrar fengu voru hreint ekki sambærilegar þeirri upphæð sem borgar- eða sveitarfélagaskólarnir fengu með hverju barni. Ég hitti fyrir merka frumkvöðla og kjarnakonur sem tekið höfðu til sín rekstur leikskóla, leigt húsnaðið eða byggt leikskóla frá grunni. Þetta voru þær Anna Magnea Hreinsdóttir í Kjarrinu í Garðabæ og Kópavogi, Sonja Einarsdóttir og Bryndís Hilmarisdóttir í Undralandi í Kópavogi, Sólveig Einarsdóttir í Vinaminni, María Sighvatsdóttir í KFUM og fleiri, en þetta varð hópurinn sem ég hafði mest samstarf við í

upphafi og leitaði ráða hjá. Það verður að segjast eins og er að ég fann fljótt að eigin rekstur leikskóla kallaði á mikla vinnu og útsjónarsemi og fyrstu árin unnum við hjónin alla daga vikunnar og oft langt fram á kvöld svo leikskólinn gæti gengið með þeim hætti sem við höfðum stefnt að.

Í heimsóknnum mínum til þeirra sem getið er hér að ofan kom alls staðar fram sú hugmynd að mikilvægt væri að stofna samtök þar sem sjálfstæðu skólarnir gætu unnið saman að baráttumálum fyrir börnin sín og tilvist sinna skóla. Ég sá líka fljótt að það var verið að mismuna foreldrum (skattgreiðendum) sem höfðu valið aðra skóla fyrir börn sín en sveitarfélögin ráku sjálf. Á þessum árum var og er enn lítil fjölgun sjálfstæðra skóla í íslensku skólaflórunni en þeim þarf að fjölga til að auka fjölbreytni og val foreldra fyrir börn sín. Það er allt önnur mynd en tíðkast í löndunum í kringum okkur. Sveitarfélög bera lögum samkvæmt ábyrgð á starfsemi leikskóla og hafa eftirlit með þeim. Sveitarfélögin þurfa þó ekki sjálf að reka alla skóla frekar en ýmsa aðra mikilvæga þjónustu sem þau bera ábyrgð á. Sveitarfélögin bera einnig ábyrgð á að mismuna ekki íbúum sínum, sem ættu bæði að eiga val og hafa eitthvað um þjónustuna að segja.

Það var svo haustið 2004 að við hittumst, Margrét Pála Ólafsdóttir í Hjallastefnunni, Anna Magnea Hreinsdóttir í Kjarrinu, Sólveig Einarsdóttir í Vinaminni og ég, að frumkvæði Margrétar Pálu. Margrét Pála hafði þá fengið hvatningu og loforð um stuðning við stofnun félags skóla í sjálfstæðum rekstri frá Verslunarráði Íslands. Og þarna fór allt að rúlla. Margrét Theodórsdóttir í Tjarnarskóla og fleiri bættust í hópinn og Sigþrúður Ármann, lögfræðingur Viðskiptaráðs, veitti okkur dygga þjónustu og ráðgjöf. Samtök sjálfstæðra skóla voru síðan stofnuð á fundi á Hótel Sögu 10. mars 2005. Mikið vatn er runnið til sjávar síðan, samræða og samvinna og margir áfangar náðst. Stofnun samtakanna var mikið gæfuspor sem veitt hefur okkur öllum bæði stuðning og gleði.

Lovísa Hallgrímsdóttir,
skólastjóri Regnbogans.

HUGLEIÐINGAR Á TVÖFÖLDU AFMÆLISÁRI – LITIÐ TIL BAKA

Margrét Theodórsdóttir

Tjarnarskóli var stofnaður árið 1985 af undirritaðri, Margréti Theodórsdóttur, og Maríu Solveigu Héðinsdóttur. Við höfðum verið samstarfskonur í Gagnfræðaskólanum í Mosfellssveit þrjú árin á undan og hófum undirbúning að stofnun skólans í október 1984. Starfsleyfið fékkst í júní 1985. Yfirstandandi skólaár er því það þrítugasta í röðinni.

Stofnun skólans vakti athygli. Mikil fjölmiðlaumfjöllun átti sér stað í kjölfar stofnunar skólans, aðallega neikvæð. Milli sextú og sjötú blaðagreinar voru skrifaðar. Flestum þótti neikvætt skref að svonefndur einkaskóli væri stofnaður í Reykjavík. Helstu rökin voru þau að rekstrarfyrirkomulagið, sem hafði í för með sér innheimtu skólagjalda, hlyti að ýta undir mismunun, skólinn yrði fyrst og fremst fyrir ríkra manna börn. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og viðhorfsbreyting átt sér stað í jákvæða átt. Skólinn starfar nú í sátt við ytra skólaumhverfi og raddir eins og í upphafi skólastarfsins heyrast varla lengur.

Fjárhagsgrunnur sjálfstæðra skóla, breyttar forsendur og áherslur

Hlutfall sjálfstæðra grunnskóla er afar lágt í íslenska skólasamfélaginu þar sem innan við 2% grunnskólana nema stunda nám í þessum skólum. Í samanburði við nágrannalöndin er hlutfall sjálfstæðra skóla á Íslandi miklu lægra. Nú starfa 12 sjálfstætt reknir grunnskólar í fimm sveitarfélögum; Reykjavík, Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði auk þess sem nýtt skref var stigið fyrir tveimur árum þegar Hjallastefnan tók að sér rekstur eins af sveitarfélagsskólunum, Tálknafjarðarskóla. Rekstraraðilar þessara skóla eru nú sjö.

Frá því Tjarnarskóli var stofnaður hafa einungis fimm nýir rekstraraðilar stigið það skref að stofna nýjan grunnskóla. Þessir skólar eru Miðskólinn, sem starfar ekki lengur, Alþjóðaskólinn í Garðabæ, Waldorfskólarnir, Hjallastefnuskólarnir og á síðasta ári var stofnaður nýr alþjóðlegur grunnskóli sem er starfræktur í Reykjavík.

Rekstrarumhverfið var óhemju erfitt fram til ársins 2007

þegar ný lög voru sett um framlag sveitarfélaga til þessara skóla. Þá varð umtalsverð breyting til batnaðar. Þrátt fyrir það hefur verið óumflýjanlegt að innheimta einnig skólagjöld. Á árum áður var hlutfall skólagjaldanna allt að 40% rekstrartekna Tjarnarskóla, það voru erfiðir rekstrartímar. Það sama gildir um hina sjálfstæðu skólana sem voru reknir um þær mundir. Tiltölulega há skólagjöld þá höfðu einnig óumflýjanlega neikvæð áhrif á markaðsstöðu skólanna. Þessir erfiðleikar urðu til þess að í nokkrum tilvikum þurfti Reykjavíkurborg að grípa til björgunaraðgerða fyrir skólana, þar á meðal Tjarnarskóla. Sá skóli sem stóð verst að vígi var sá skóli sem hafði flesta nemendur, Ísaksskóli, því þar margfölduðust erfiðleikarnir í hlutfalli við fjölda nemenda í skólanum. Sá skóli er því skýrasta dæmið um erfiðleika í rekstri í gegnum tíðina en 1991 voru 435 nemendur við Ísaksskóla. Auk þess má nefna að í mörg rekstrarár var rekstrarframlag til skólanna sem þá störfuðu mjög mismunandi og lítið samræmi í því hvert framlagið var á hvern nemanda í skólunum. Þegar Tjarnarskóli var stofnaður árið 1985 fengu þrír skólar framlög frá íslenska ríkinu; Skóli Ísaks Jónssonar, Landakotsskóli og Suðurlíðarskóli.



Sem dæmi um mismunandi styrki þá var Tjarnarskóli búinn að starfa í sex ár þegar hann fékk fyrsta rekstrarstyrkinn frá Reykjavíkurborg, upp á 350 þúsund krónur árið 1991. Það ár fékk Ísaksskóli 400 þúsund króna styrk, Landakot 1.100 þúsund og Suðurhlíðarskóli 230 þúsund. Framlöggin hafa auk þess verið á ýmsa lund, sumir skólar hafa fengið byggingarstyrki í gegnum tíðina. Einnig eru dæmi um opinbert framlag til þess að koma til móts við kostnað vegna lóðarframkvæmda og einn skóli hefur fengið byggingarlóð. Tjarnarskóli hefur fengið styrk í því formi að greiða ekki leigu lengst af fyrir afnot af skólahúsnæðinu en hefur staðið straum af daglegu viðhaldi eins og það er nefnt. Breyting varð á þessu síðla árs 2013 í þá veru að skólinn greiðir nú leigu af skólahúsnæðinu. Þessu til viðbótar má nefna að nemendur í sjálfstæðu grunnskólunum nutu ekki framlags í formi greiðslu fyrir sérkennslu fyrr en hérna megin við árþúsundið, svo undarlega sem það hljómar núna.

Fyrsta tilraun til þess að búa til einhvers konar viðmiðanir um styrk til sjálfstæðu skólanna var gerð vorið 1992 hjá Reykjavíkurborg en fram til þess tíma var stuðningur ekki byggður á fastmótaðri stefnu eða samræmdum reglum. Þessi tilraun fólst í því að stofnuð var nefnd á vegum Skólamálaráðs undir stjórn Árna Sigfússonar. Þessari nefnd var falið að koma með tillögur um viðmiðanir um rekstrarstyrki til fjögurra sjálfstæðra skóla sem þá voru starfandi svo tryggja mætti að þeir sætu við sama borð. Tillögur nefndarinnar fólu m.a. í sér að rekstrarstyrkur skyldi vera byggður á nemendafjölda (í fyrsta skipti) og vera að jafnaði ekki lægri en 20% af meðaltali árlegs rekstrarkostnaðar á hvern nemanda í skyldunámi í grunnskólum borgarinnar en þá greiddi Reykjavíkurborg ekki laun til kennara, heldur ríkið sem hafði mjög ólík viðmið um rekstrarstyrki til sjálfstæðu skólanna á fjárlögum.

Á þeim ríflega tuttugu árum sem liðin eru frá þessari fyrstu tilraun hefur fjárframlag ríkis og sveitarfélaga til reksturs sjálfstæðra skóla aukist, í nokkrum skrefum þó. Eins og kunnugt er fluttist rekstur grunnskólanna til sveitarfélaganna árið 1996. Stærsta skrefið varð með breytingu á grunnskólalögum sem tóku gildi 2007, eins og fram hefur komið, þegar sjálfstæðu skólunum var tryggt 75% framlagið sem styrkti fjárhagsgrunn þeirra umtalsvert. Það framlag er miðað við meðaltalskostnað



hvers grunnskólanemanda sem Hagstofa Íslands reiknar út á hverju ári. Hver sjálfstætt rekinn grunnskóli fær sem nemur 75% af þeirri upphæð frá því sveitarfélagi sem skólinn er starfræktur í.

Allt stjórnskipunarlegt umhverfi skólanna hefur breyst mikið. Lög og reglugerðir um stofnun sjálfstæðra skóla, klausur um eftirlit og skyldur skólanna eru nú til staðar, réttindi nemenda í sjálfstæðu skólunum eru orðin samþætilegri við opinberu skólana en áður. Því má segja að formleg staða skólanna í skólakerfinu sé með allt öðrum og betri hætti en þegar Tjarnarskóli var stofnaður árið 1985. Þá var einungis ein málsgrein í grunnskólalögum um starfrækslu einkaskóla á grunnskólastigi.

Tjarnarskóli og SSSK –sameiginleg vegferð til góðs

Árið 2005 voru Samtök sjálfstæðra skóla stofnuð undir styrki forystu Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Nú eru um 50 sjálfstæðir leik- og grunnskólar aðilar að samtökunum. Flestir sjálfstæðir skólar eru auk þess aðilar að Samtökum verslunar og þjónustu í Borgartúni en þar hafa SSSK aðsetur fyrir starfsemi sína.

Það var afar jákvætt skref fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla þegar samtökin voru stofnuð. Tilurð þeirra breytti afar miklu fyrir okkur, bæði sem stjórnendur skóla og rekstraraðila. Ég hafði verið í skólarekstri í tuttugu ár þegar tók þátt í stofnun SSSK. Við þá breytingu varð tilveran allt önnur; í senn urðu samtökin bakhjarl og

hreyfiafl í besta skilningi þess orðs. Það var mér sannkölluð ánægja að sitja í stjórn SSSK fyrstu sjö starfsár samtakanna. Mikill samhugur og vilji til að hafa áhrif á að styrkja stöðu sjálfstætt rekinna skóla hefur einkennt starfið allt frá stofnun og mörgum afar brýnum málum verið komið áleiðis. Sýnileiki og fagmennska hefur verið í fararbroddi og orkan sem hefur leyst úr læðingi hefur verið áþreifanleg. Ég vænti þess að samtakamáttur SSSK færi nemendum okkar og starfsmönnum fleiri sigra á vettvangi þess rekstrarumhverfis sem við vinnum í. Um leið þakka ég öllu hinu frábæra fólki í stjórn SSSK, rekstraraðilum og félagsmönnum öllum fyrir afar gott framlag til þess að auka velferð allra SSSK-skólanna. Ekki má gleyma ýmsum viðburðum á vegum SSSK sem hafa verið margir og sérstaklega ánægjulegir.

Nú, tíu árum eftir stofnun Samtaka sjálfstæðra skóla, eru mörg verkefni í farvatninu. Enn heldur baráttan áfram. Samtakamátturinn hefur sýnt og sannað að við sem rekum sjálfstætt starfandi skóla stöndum sterkari saman en sem stakir rekstraraðilar. Ég hlakka til starfsins framundan og veit að fleiri sigrar eru á næsta leiti. Á tímamótum er afar ánægjulegt að rifja upp samferðina síðastliðin tíu ár. Fyrir hana er ég afar þakklát.

Húrra fyrir SSSK!
Margrét Theodórsdóttir



samtök sjálfstæðra skóla

Frelsi - fjölbreytni - fagmennska